# FRÉTTABLAÐIÐ

55. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 19. MARS 2021





Kennt var utandyra í Fossvogsskóla í gær. Erfitt hefur reynst að komast fyrir myglu í húsnæðinu. Kennsla skólans mun fara fram í öðru húsnæði í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hval gert að leysa hluthafa út

**Hvalur hf. þarf að innleysa hlutabréf þriggja hluthafa. Aldrei áður hefur reynt á umrætt ákvæði um minnihlutavernd. Miðað er við tvöfalt hærra gengi en í kaupum Kristjáns Loftssonar á bréfum félagsins.**

**DÓMSMÁL** Fjárfestingarfélagið Hvalur þarf að innleysa hlutabréf þriggja hluthafa með því að greiða þeim samtals 1.365 milljónir króna auk dráttarvaxta fyrir bréfin. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands.

Hluthafarnir þrír, sem ráða samanlagt yfir rúmlega 5,3 prósenta hlut, eru félög í eigu feðganna Einars Sveinssonar og Benedikts Einarssonar og Ingimundar Sveinssonar. Þeir sökuðu Kristján Loftsson, framkvæmdastjóra og stærsta einstaka hluthafa Hvals, um að hafa aflað „ótilhlýðilegra hagsmuna“ á kostnað annarra hluthafa með kaupum hans



Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals.

á hlutum í Hval á „verulegu undirverði“ og fráfalli stjórnar félagsins á að nýta forkaupsrétt sinn að þeim.

Með þessu hefði Kristján gerst brotlegur við ákvæði laga um hlutafélög og hluthafarnir ættu því rétt á innlausn samkvæmt tilteknu ákvæði sem kom fyrst inn í lögin árið 2010. Aldrei áður hefur reynt á ákvæðið fyrir dómstólum, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Kristján jók verulega við eignarhlut sinn í Hval á árunum 2017 og 2018 – úr 1,2 prósentum í 8,7 prósent – en hann stóð þá meðal annars að kaupum á bréfum Sigríðar Vilhjálmsdóttur, sem var áður einn stærsti hluthafi félagsins. Gengið í kaupum Kristjáns á hlutabréfum nam 85 krónum á hlut, eða um 60 prósentum af bókfærðu eiginfé félagsins á þeim tíma.

Við mat á innlausnarvirði var fallist á kröfu stefnenda um innlausn og horft til innra virðis á félaginu. Hersir Sigurgeirsson, dósent í fjármálum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, var matsmaður í málinu og studdist við varfærnustu útgáfuna á innra virði, um 163 krónur á hvern hlut, í matsskýrslu sinni.

Markaðurinn fjallaði um málshöfðun hluthafanna síðasta sumar en þá var haft eftir Kristjáni Loftssyni að kröfur þeirra um að vera keyptir út miðað við upplausnarvirði Hvals, fælu í reynd í sér að félagið yrði leyst upp. „Verði fallist á kröfurnar getum við átt von á því að aðrir hluthafar komi í kjölfarið og fari fram á að vera keyptir út á sama gengi og félaginu yrði því slitið,“ sagði Kristján. **– þfh**

## Ekki fótur fyrir ásökununum

**KJARAMÁL** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum og loðnusjómenn takast nú á um greiðslur fyrir loðnuvertíðina sem er nýlokið. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson,



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.

framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, hafnar því að sjómenn hafi fengið of lítið greitt. Þeir hafi fengið þrefalt hærra greitt nú en 2017.

Sigurgeir Brynjar segir sjávarútvegsfyrirtækin skyldug til þess að gefa út fast verð í upphafi loðnuvertíðar en þá sé eftir að semja við kaupendur. **– gar**






Bólusett við COVID-19 veirunni.

## Margir í sóttkví

**COVID-19** Allt að 100 manns þurfa hugsanlega að fara í sóttkví vegna smits sem greindist í fyrradag utan sóttkvíar hjá starfsmanni Ion hótel Adventure. Engir gestir hótelsins eiga að vera í smithættu. Að sögn Hjördísar Guðmundsdóttur, upplýsingafulltrúa almannavarna, er þetta þó ekki staðfest tala en það sem þau búast við.

**» Nýgengi innanlandssmits, það er fjöldi COVID-19 tilfella á hverja 100 þúsund íbúa, var 2,5 í gær samkvæmt covid.is.**

COVID-19 smit var staðfest í gær hjá nemanda sem sótti kennslu hjá Mími – símenntun að Öldugötu 23 í Reykjavík. Alls eru 18 í sóttkví vegna þessa, einn kennari og 17 nemendur.

Þá hefur verið greint frá því að starfsfólk Landspítalans hafi verið útsett fyrir smiti og eru 50 í sóttkví. **– la, þp**

## Nóg að gera hjá fiskvinnslu í Hafnarfirði




Hér má sjá starfsmann fiskvinnslunnar Svalþúfu í Hafnarfirði, sem stofnuð var árið 1995, þrífa fiskikör. Stór hluti starfsemi fyrirtækisins felst í þurrkun og verkun skreiðar til útflutnings. Skreið er slægður, hausaður og þurrkaður fiskur, oftast þorskur, og hefur lengi verið ein helsta útflutningsvara Íslands. Afríkuríkið Nígería er einn helsti áfangastaður skreiðarinnar þar sem afurðin nýtur mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fíkniefnin koma í pósti

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni eru nú send í pósti í meiri mæli en áður út af takmarkaðri flugumferð vegna COVID-faraldursins. Í afbrotatölfræði lögreglunnar fyrir febrúarmánuð má sjá að fjölgun fíkniefnabrota á stöð 4 þar sem Póstmiðstöðin er staðsett rauk upp úr átta tilfellum í janúar og upp í 76 í febrúar.

„Svo er mál með vexti að þessa aukningu má rekja til skýrslna sem Tollgæsla Íslands sendir á okkur vegna gruns um innflutning fíkniefna í kjölfar eftirlits með bréfasendingum í Póstmiðstöð Íslandspósts,“ segir í svari lögreglunnar.

Þessum fjölda ber þó að taka með ákveðnum fyrirvara því skýrslurnar eru ekki allar vegna póstsendinga í febrúarmánuði einum saman heldur eru þetta einnig skýrslur aftur í tímann. Þar sem skýrslurnar berast lögreglunni í febrúar er þetta skráð sem brot í þeim mánuði.

Fíkniefnabrotum fjölgaði einnig á stöð 1 sem nær yfir Miðborg,



Það er ýmislegt sem getur leynst í póstinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal. Þar fjölgaði málum um ellefu milli mánaða.

Alls voru skráð 83 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu, þar af fimm sem kallast stórfelld. Hafa ber í huga að fíkniefnabrot eru oft skilgreind sem stórfelld seinna á rannsóknarstigi og því geta tölur tekið breytingum milli mánaða.

Það sem af er ári hafa verið skráð fimm prósent fleiri fíkniefnabrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili síðastliðin þrjú ár. **– bb**



# Góð tilfinning að gefa Samhjálp bakkelsið

**Nemendur í Suðurhlíðarskóla í Reykjavík hafa undanfarið bakað og safnað mat sem þau gáfu kaffistofu Samhjálpar í gær. Kennari við skólann segir verkefni sem þessi brjóta upp skólastarfið og að krakkarnir séu afar stoltir.**

**SAMFÉLAG** „Þetta var mjög góð tilfinning og þau voru svo glöð og ánægð með okkur,“ segir Bryndís Sara Bjarnadóttir, nemandi í Suðurhlíðarskóla í Reykjavík. Hún fór ásamt samnemendum sínum og starfsfólki skólans á kaffistofu Samhjálpar í gær þar sem þau afhentu samtökunum brauð og kökur.

Gjöfin til Samhjálpar var hluti af samfélagslegu verkefni sem unnið er í skólanum en á hverju ári vinna nemendur þrjú óhefðbundin skólaverkefni sem öll beinast að því að gefa til samfélagsins. „Á hverju ári safna krakkarnir pening sem þau gefa til góðgerðarmála og svo tökum við, líkt og margir aðrir skólar, þátt í verkefninu Jól í skókassa þar sem við sendum gjafir til barna í Úkraínu,“ segir Steinunn Hulda Theódórsdóttir, kennari í 6.-7. bekk.

„Þriðja verkefnið er svo misjafnt milli ára og í ár var þemað að gera eitthvað fyrir einhvern sem þyrfti einhvers með,“ segir Steinunn. „Við komumst í samband við Samhjálp og þar er raunin sú að suma daga er ekkert til handa fólkinu sem þangað leitar,“ segir hún en Kaffistofa Samhjálpar veitir umkomulausu og fátæku fólki morgun- og hádegisverð á hverjum degi.

Krakkarnir hafa síðustu daga bakað kókoskúlur, pítsusnúða, muffins og hjónabandssælur í skólanum ásamt því að þau hafa safnað mat. „Það hafa bara allir hjálpast að, foreldrar hafa til dæmis keypt örlítið auka þegar farið er að versla og sent krakkana með í skólann,“ segir Steinunn.

Þá segir Steinunn skemmtilegt bæði fyrir nemendur og starfsfólk skólans að brjóta upp skólastarfið með verkefnum sem þessu. „Á meðan við höfum verið að vinna verkefnið höfum við talað um það hversu mikilvægt það er að hjálpa öðrum og hugsa ekki bara um sjálfan sig,“ segir Steinunn. „Krakkarnir eru svo jákvæð og þau eru virkilega stolt. Þetta gekk betur en ég hefði getað ímyndað mér,“ bætir hún við.




Bryndís Sara, Elísa Þöll, Embla Líf og Þorfinna Helga fóru með bakkelsið í Samhjálp í gær ásamt starfsfólki Suðurhlíðarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Krakkarnir eru svo jákvæð og þau eru virkilega stolt. Þetta gekk betur en ég hefði getað ímyndað mér.**



Steinunn Hulda Theódórsdóttir, kennari

„Svona verkefni eru ekki eins flókin og fólk gæti grunað og við viljum hvetja aðra til þess að taka þátt í svona verkefnum og gefa af sér,“ segir hún.

Eitt megingildi Suðurhlíðarskóla er þjónusta og segir Lilja Ármannsdóttir skólastjóri mikið lagt upp úr þeim þætti. „Því við viljum að nemendur okkar kynnist samfélagsábyrgð á áþreifanlegan hátt. Það að gefa af sér eykur hamingju annarra og okkar eigin,“ segir hún.

„Það kemur okkur stöðugt á óvart hvað nemendur okkar eru vinnusamir og tilbúnir til að leggja sitt af mörkum til að gleðja aðra. Við getum öll gert eitthvað,“ segir Lilja. „Það besta við þetta allt saman var hvað nemendunum fannst þetta skemmtilegt,“ bætir hún við.

**birnadrofn@frettabladid.is**

# Lagersala í vefverslun

Stendur til 24. mars.

66° NORÐUR

## Allt að 80% afsláttur.

Frí heimsending ef keypt er fyrir 15.000.

---

Fullorðnir



Snaefell Technostretch jakki
~~21.000 kr.~~ 14.700 kr.



Brimhólar jakki
~~49.000 kr.~~ 34.300 kr.



Þórsmörk dúnúlpa
~~89.000 kr.~~ 62.300 kr.




Logn stuttermabolur
~~4.900 kr.~~ 2.450 kr.



Vatnajökull Softshell® jakki
~~42.000 kr.~~ 29.400 kr.



Hólar kápa
~~45.000 kr.~~ 27.000 kr.



Vatnajökull Primaloft® kápa
~~55.000 kr.~~ 33.00 kr.



Tangi bakpoki
~~14.500 kr.~~ 10.150 kr.



Dyngja dúnúlpa
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.



Keilir Anorakkur
~~35.000 kr.~~ 14.000 kr.




Logn hettupeysa
~~9.500 kr.~~ 6.650 kr.



Öxi léttur jakki
~~35.000 kr.~~ 24.000 kr.

---

Krakkar



Bragi dúnúlpa
~~36.900 kr.~~ 25.830 kr.



Loki léttur jakki
~~7.500 kr.~~ 4.500 kr.



Svanur Primaloft® galli
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.



Sif Primaloft® Jakki
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.

---

Lagersalan fer einnig fram á útsölumarkaði okkar á Skipagötu, Akureyri og í Faxafeni, Reykjavík.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Hægt er að sækja pantaðar vörur í verslunninni í Miðhrauni 11.

66north.is

## Ráðuneyti vill skýringar frá Borgarbyggð

**STJÓRNSÝSLA** Guðveig Lind Eyglóardóttir, fulltrúi Framsóknar í sveitarstjórn Borgarbyggðar, hefur sent sveitarstjórnarráðuneytinu erindi þar sem hún kveðst gera „alvarlegar athugasemdir“ við ýmis atriði í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Guðveig segir kostnað við nýja 30 barna leikskólalóð að Kleppjárnsreykjum vera kominn í 79 milljónir króna sem sé um 49 milljónir umfram samþykktar fjárheimildir. „Samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fram á byggðarráðsfundi í nóvember 2020 er 60 prósent af verkáætlun lokið. Engir viðaukar hafa verið lagðir fram og framkvæmdir standa enn yfir,“ segir í erindi hennar til sveitarstjórnarráðuneytisins.

**Eiginkona sviðsstjóra var fengin til verksins í gegnum hönnunarstofu sem hún starfar hjá.**


Guðveig Lind Eyglóardóttir, fulltrúi Framsóknar í sveitarstjórn Borgarbyggðar

„Athugasemdir eru gerðar við það að hönnun á lóð við Grunnskólann í Borgarnesi var ekki boðin út. Eiginkona sviðsstjóra var fengin til verksins í gegnum hönnunarstofu sem hún starfar hjá,“ segir Guðveig í öðru lagi. Í þriðja lagi kveðst hún gera athugasemdir við að hönnun við leikskólann að Kleppjárnsreykjum hafi ekki verið boðin út.

Sveitarstjórnarráðuneytið hefur óskað skýringa vegna „meintrar ólögmætrar stjórnsýslu“ frá Borgarbyggð. „Er hér með óskað eftir upplýsingum um aðdraganda og framkvæmd þeirra mála sem um ræðir, ásamt nauðsynlegum gögnum sem liggja fyrir hjá sveitarfélaginu vegna umræddra mála,“ segir í bréfi ráðuneytisins sem gefur sveitarfélaginu frest til að koma með svör til 1. apríl. „Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess.“

Byggðarráð Borgarbyggðar sem tók málið fyrir í gær fól sveitarstjóranum að svara erindi ráðuneytisins. **– gar**

# Opna úrræði fyrir þolendur ofbeldis á Suðurlandi

**SUÐURLAND** Sigurhæðir, fyrsta úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, verður opnað á Selfossi á morgun. Þar verður konum, 18 ára og eldri, boðið upp á stuðning og ráðgjöf, einstaklingsviðtöl, hópmeðferð og sálfræðimeðferð. Öll þjónustan verður gjaldfrí.

Ekki er um athvarf að ræða en komi til þess að konur sem þangað leita þarfnist slíkrar þjónustu segir Hildur Jónsdóttir, verkefnastjóri Sigurhæða, að gott samstarf verði við Kvennaathvarfið í Reykjavík.


**Hildur Jónsdóttir er verkefnastjóri Sigurhæða.** MYND/AÐSEND

Hingað til hefur ekki verið rekið úrræði fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi á Suðurlandi og segir Hildur afar mikilvægt að þolendum ofbeldis sé sinnt sem víðast. „Það er gríðarlegt framfaraspor fyrir Suðurland að fá þessa nauðsynlegu þjónustu í landshlutann. Ég kalla Sigurhæðir félagslega innviði, innviði fyrir betri heilsu, meiri velferð og öruggara samfélag,“ segir hún.

„Rannsóknir sýna að um 40 prósent íslenskra kvenna hafa orðið fyrir kynbundnu ofbeldi í einhverri mynd og hefur ofbeldið áhrif á aðstandendur þeirra líka. Suðurland sker sig ekkert úr öðrum landshlutum að þessu leyti,“ segir Hildur. **– bdj**

# Hafnar ásökunum sjómanna

**Framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar segir loðnusjómenn fá rétt borgað og hafnar ásökunum um að þeir hafi verið hlunnfarnir. Meðalverð til þeirra á nýlokinni vertíð sé um þrefalt hærra en það var 2017.**


**Sigurgeir segir loðnuverðið mjög hátt núna og verð til sjómanna hafa þrefaldast frá 2017.** MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

**KJARAMÁL** „Við höfum alltaf viljað hafa rétt og sanngjarnt verð til sjómanna og viljum hafa það opið og gagnsætt,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, um ásakanir þess efnis að útgerðarfyrirtæki hafi greitt loðnusjómönnum of lítið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á miðvikudag vill Sjómannasambandið að Verðlagsstofa skiptaverðs fari ofan í saumana á loðnuverði á vertíðinni sem nú er lokið. Sagði Valmundur Valmundsson, formaður sambandsins, að sjómenn teldu sig hlunnfarna af sjávarútvegsfyrirtækjunum sem væru ekki að greiða þeim réttmætan hlut af aflaverðmætinu.

Sigurgeir Brynjar segir loðnuverð mjög hátt núna og að bæði söluverðið og verð til sjómanna hafi þrefaldast frá vertíðinni 2017. Segir hann sjávarútvegsfyrirtækjunum bera skylda til þess að gefa út fast verð í upphafi loðnuvertíðar en þá sé eftir að semja við kaupendur.

„Við gáfum út verð og sögðum við sjómenn: Þetta er okkar fyrsta útspil. Meirihlutinn samþykkti það í því trausti að ef að verð myndi hækka þá myndum við hækka til þeirra og það gerðum við,“ segir framkvæmdastjórinn sem hafnar því alfarið að áhafnir Vinnslustöðvarinnar hafa verið hlunnfarnar. „Ef verðið hefði lækkað hefði Vinnslustöðin samt þurft að greiða upphafsverðið. Þeir vilja bara fleyta rjómann og svo vilja þeir ekki standa með okkur þegar lága verðið er eða þegar lélegi fiskurinn kemur að landi.“

Sigurgeir segir að á árinu 2012 hafi Vinnslustöðin sætt sams konar ásökunum. „Þá hittum við alla forystumenn sjómanna og buðum þeim að koma í Vinnslustöðina og skoða öll okkar gögn sem Verðlagsstofa hafði farið yfir. Þeir hafa aldrei komið,“ segir hann.

**12,5**

**prósent aflahlutdeildar í loðnu á Íslandi eru hjá Vinnslustöðinni.**


**Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum**

Áður fyrr var Vinnslustöðin að sögn Sigurgeirs Brynjars með samning við sínar áhafnir um að sjómenn fengju fast hlutfall af söluverði afurða sem hækkaði eða lækkaði eftir því hvort illa eða vel gekk að selja. Sjómenn vilji ekki þannig hlutaskiptakerfi en slíkt fyrirkomulag segir hann myndu leiða til betri meðferðar á aflanum og hærra verðs. „Hagsmunir sjómannanna og sjávarútvegsfyrirtækjanna fara fullkomlega saman og þannig viljum við hafa það.“

**gar@frettabladid.is**


## Sumarnámskeið fyrir ungt fólk

**Það sem þátttakendur uppskera:**

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



**Námskeið hefjast:**

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 21. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
9 til 12 ára Leiðtogabúðir 9. ágúst 8.45-17.00 4 dagar í röð
10 til 12 ára 14. júní 9.00-13.00 átta dagar í röð
10 til 12 ára 4. ágúst 9.00-13.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 14. júní 13.30-17.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 4. ágúst 13.30-17.00 átta dagar í röð
16 til 19 ára 4. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 27. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

**Skráning á dale.is eða 555 7080**
**Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk**

Copyright © 2021 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Youth_Ad_031521



# Fantastisk smørrebrød

Verð frá **1.199** kr/pk



Smørrebrød með hangikjöti



Smørrebrød með rækjum



Smørrebrød með roastbeef



Smørrebrød með lifrakæfu



**Það besta í einum bakka**
Smørrebrød með hangikjöti, rækjum & roastbeef

Tilboð gilda til 21. mars




TILBOÐ
1.399 kr/pk
verð áður 1.699

**Spare ribs**
Møre og saftige hele kamben




**Pulled Pork**
Ekstra mør og lækker steg

40% afsláttur

40% afsláttur




**Middags kødboller & middags frikadeller**

*Nyhed*
*på danske dage*

TILBOÐ
299 kr/pk
verð áður 579




**Pølse horn**
På farten eller i madpakken




TILBOÐ
299 kr/pk
verð áður 679

**Steff houlberg**
Pølsemix & biksemad

TILBOÐ
999 kr/stk
verð áður 1.299




**Jaka bov skinke**

TILBOÐ
99 kr/pk
verð áður 349




**Bag-selv leverpostej**
Er god på rugbrød med syltede rødbeder

*Nyhed*
*på danske dage*

589 kr/pk




**Pingvin**
Salty caramel, salt pastiller & sweet liquorice

**HAGKAUP** *Mere dansk hver dag*

# Erfitt að finna varahluti í stærsta dælubíl Húsavíkur

**NORÐURLAND** Stærsti dælubíll Slökkviliðsins í Norðurþingi er úr sér genginn, gamall og erfitt að finna í hann varahluti. Bæjarstjórn ræðir nú um að leigja bíl til skamms tíma en ljóst er að kaupa þurfi nýjan dælubíl. Hann mun kosta nokkra tugi milljóna króna.

„Fyrir löngu síðan var hætt að framleiða varahluti í svona bíla og verkstæðið sem hefur séð um þetta fyrir okkur hefur átt erfitt með hann,“ segir Grímur Kárason slökkviliðsstjóri en bíllinn, sem er að gerðinni Iveco Magirus, árgerð 1992, hlaut ekki fulla skoðun í ár. „Við gætum komið honum á milli staða í innanbæjarsnatti með varúð. En við erum ekki að fara að nota hann í forgangsakstri út fyrir bæjarmörk,“ segir hann.

Aðspurður hvað sé hægt að gera verði stór bruni, annað hvort á Húsavík eða annars staðar í sveitarfélaginu, segir Grímur að slökkviliðið eigi aðra bíla, þar með talinn annan með svipaðri dælu. Slökkviliðið sé einnig með samstarfssamninga við nágrannasveitarfélög, til dæmis Þingeyjarsveit, Langanesbyggð og Akureyrarbæ. Norðurþing eigi einnig bíla bæði á Kópaskeri og Raufarhöfn. Slökkvilið Norðurþings sé ekki lens í viðbrögðum þó að hinn aldni Iveco sé stærsti bíll flotans. „Þetta er samt okkar fyrsti dælubíll og við viljum hafa hann í lagi,“ segir hann.

Grímur segir að endurnýjun stórs dælubíls sé ekki verkefni sem sé hægt að hrista fram úr erminni. Heilt ár geti liðið frá því að ákvörðun er tekin þar til bíllinn er kominn á stöðina. Töluverð endurnýjun hafi þó verið gerð á slökkvibílum landsins, til dæmis komu sex nýir á síðasta ári, og aukin meðvitund er um að bílarnir þurfi að vera í standi. **– khg**



**Bíllinn er nærri 30 ára af Iveco Magirus gerð.** MYND/SLÖKKVILIÐ NORÐURÞINGS

## Kortleggja þarf betur fyrri virknitímabil

**NÁTTÚRUVÁ** Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir að kortleggja þurfi fyrri virknitímabil á Reykjanesskaga betur til að sjá hvernig skaginn hegði sér. Hræringarnar núna gætu verið upphafið að nýju löngu virknitímabili. Magnús segir hins vegar að sé það raunin gætu allt eins liðið áratugir eða hundrað ár milli gosa.

Síðasta virknitímabil var fyrir tæpum þúsund árum en Magnús segir að ekki sé nóg að rannsaka það. Því þurfi að fara í betri aldursgreiningar. „Það hefur lítið verið gert í þessu undanfarin ár,“ segir hann.

> **Ef það verður kyrrð í tvær vikur eru líkur á eldgosi orðnar litlar.**
>
> Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði

Enn þá streymir kvika í þann inngang sem myndast hefur milli Keilis og Nátthaga en hægt hefur á virkninni. Út frá líkanareikningum er enn talið að kvikan sé grynnst einn kílómetra undir yfirborði.

Eftir fund Vísindaráðs í gær var öllum sviðsmyndum haldið opnum. Það er að dragi úr skjálftavirkni eða stórir skjálftar taki sig upp að nýju, jafnvel stór skjálfti við Brennisteinsfjöll. Hvað kviku varðar gæti flæðið haldið áfram, það minnkað og storknað eða komið upp gos.

Magnús segir fleiri en eina sviðsmynd geta ræst og að engin sé líklegri en önnur að svo stöddu. „Meðan hægir á ferlinu eru líkurnar á gosi ekki að aukast,“ segir hann en ítrekar að rásin niður sé enn opin og virknin sé hviðótt. „Ef það verður kyrrð í tvær vikur eru líkur á eldgosi orðnar litlar.“ **– khg**

# Þrengt töluvert að starfsemi elsta íþróttafélags landsins

**Skotfélag Reykjavíkur hefur fengið útgefið starfsleyfi í tvö ár til viðbótar með töluverðum takmörkunum. Opnunartíminn hefur verið skertur og segir meirihluti borgarstjórnar nauðsynlegt að finna elsta félaginu nýjan skotvöll. Forsvarsmenn Skotfélagsins vita ekki hvernig á að halda starfseminni gangandi.**

**SKIPULAGSMÁL** Skotfélag Reykjavíkur, elsta íþróttafélag borgarinnar, hefur fengið útgefið nýtt starfsleyfi til ársins 2023 á skotvelli sínum í Álfsnesi. Meirihlutinn í borginni segir í ljósi þeirra alvarlegu og ítarlegu athugasemda sem bárust við auglýsingu starfsleyfisins að eftir tvö ár verði ekki gefið út nýtt starfsleyfi fyrir starfsemina. „Núverandi staðsetning er ekki ásættanleg, fyrir hvorki íbúa né náttúru. Starfseminni þarf að finna nýjan stað þar sem hún getur farið fram í sátt við sitt umhverfi,“ segir í bókun meirihlutans í umhverfis- og heilbrigðisráði.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins bókuðu að takmarkanirnar væru kaldar kveðjur til félagsins og framkoma borgarinnar gegn því væri henni ekki til sóma. „Nýtt starfsleyfi gerir starfsemi Skotfélagsins mjög erfitt fyrir með takmarkandi opnunartíma. Nær hefði verið að vinna lausnir í samráði við Skotfélag Reykjavíkur. Svona framkoma er borginni ekki til sóma gagnvart elsta íþróttafélagi Reykjavíkur og jafnframt elsta íþróttafélagi landsins.“

Alls bárust fimmtán athugasemdir, frá íbúum Kollafjarðar og Kjalarness, íbúasamtökum, íbúaráði, Skotfélaginu sjálfu og fuglaverndunarsamtökum. Flestar umsagnir íbúa eru á sömu leið um að ekki eigi að veita félaginu starfsleyfi. „Það er gjörsamlega fyrir neðan allar hellur að hunsa sí og æ kvartanir íbúa á svæðinu,“ skrifar Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir. „Framlenging starfsleyfis til tveggja ára bendir ekki til mikils vilja eða áhuga til sáttar,“ segir Guðni Indriðason formaður Íbúasamtaka Kjalarness.



**Kurr hefur verið um starfsemi Skotfélags Reykjavíkur. Þó bendir Heilbrigðiseftirlitið á að undanfarin ár hafi ekki borist margar kvartanir. Félagið mun þurfa að yfirgefa Álfsnes á næstu tveimur árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **144**
>
> **ára verður Skotfélag Reykjavíkur í júní. Það er elsta íþróttafélag landsins.**

Skotfélagið sjálft segir að reiknað hafi verið með að svæðið yrði varanlegt og því sé búið að eyða hundruðum milljóna til að gera það sem glæsilegast. Verði það flutt gerir það þá kröfu að nýtt svæði verði fullbyggt þegar félagið verður flutt burt frá Álfsnesi.

Í umsögn félagsins segir að óánægja sé ekki almenn og víðtæk. „Þar sem þessi óánægja á að hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins, teljum við nauðsynlegt að skoða þessar kvartanir í hnotskurn og frá hverjum slíkar kvartanir hafa borist og þá hvert. Við höfum ekki fengið eitt einasta erindi vegna þess frá því að við opnuðum svæðið.“

Ljóst er að nýr opnunartími setji úr skorðum verkleg skotpróf vegna hreindýraprófa og skotvopnanámskeiða Ríkislögreglustjóra.

„Á Álfsnesi væri hægt að búa þannig um hnútana að friður skapist um svæðið. Til dæmis mætti hækka allar manir verulega og byggja jafnvel yfir riffilvöllinn að hluta svo öllum hávaðamörkum sé fylgt. Allt sem þarf er góður vilji og skilningur,“ segir í umsögn Skotfélagsins.
**benediktboas@frettabladid.is**




# Hitamet í sólinni á Austfjörðum í gær

**VEÐUR** Yfir nítján stiga hiti var á Kollaleiru í Reyðarfirði í gær og er það hæsti hiti sem hefur mælst opinberlega hér á landi á dagabilinu milli 11. og 20. mars.

Hæst fór hitinn á Kollaleiru í 19,2 gráður. Daginn áður var umrætt hitamet slegið á sama stað er hitinn fór í 17,9 stig.

„Það er brjáluð blíða,“ sagði Anna Sigrún Jóhönnudóttir á Reyðarfirði sem komin var út um miðjan morgun í gær í gönguferð. „Ég er á stuttermabol þó að það sé vindur. Það er eins og sumarveður,“ sagði Anna sem er í fæðingarorlofi og nýtti blíðuna með tíu mánaða dóttur sinni.

Hrafn Guðmundsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, sagði við Fréttablaðið í gær að hitinn næði reyndar ekki metinu fyrir allan mars því mesti hiti sem mælst hafi í mars hafi verið árið 2012 er hann fór í 20,5 stig á Kvískerjum í Öræfum. „Allt yfir 16 gráðum er talið óvenjulegt í mars,“ sagði Hrafn.


**Anna Sigrún Jóhönnudóttir með dóttur sinni, Arneyju Rut.** MYND/THELMA RÚN MAGNÚSDÓTTIR

Að sögn Hrafns var hitinn á Austurlandi tilkominn vegna mikillar hæðar sem myndaðist við Bretlandseyjar eftir helgina. Hún hafi tekið loft suður í hafi og beint því til landsins.

„Þetta er bara vegna þess hvernig veðrakerfin raða sér upp að hverju sinni og stundum læsist það í einhverri stöðu, þá fær það tíma til þess að gera einhverjar svona kúnstir,“ útskýrði Hrafn og boðaði kólnandi veður. „Þetta helst nú ekki mikið lengur,“ sagði hann.

Það var ekki aðeins á Reyðarfirði sem óvenju háar hitatölur sáust. Á Eskifirði náði hitinn 18,5 gráðum og í Neskaupstað fór hitinn í 18,6 stig. Báðar þessar mælingar voru þannig yfir metinu sem sett var á Kollaleiru á miðvikudag. **– gar, fbl**

BRIKK

Frí heimsending!

# Brikk súrdeigið fyrir sælkerapizzuna!




**Espuna Serrano skinka**
499 kr.



**Kirsuberjatómatar**
375 kr.




**Brikk súrdeigspizzadeig 300 g**
649 kr.




**Parmareggio Reggiano**
995 kr.




**Svartar ólífur**
799 kr.




**Filippo Berio pestó**
459 kr.




**Olitalia truffluolía**
998 kr.

## Brikk sækerapakki:

# Nýbakaður bröns heim að dyrum



HEIMKAUP.IS



Vladímír Pútín Rússlandsforseti.

## Vladímír Pútín svarar fyrir sig

**RÚSSLAND** Sendiherra Rússlands í Bandaríkjunum hefur verið kallaður heim eftir ummæli Joes Biden forseta í sjónvarpsviðtali hjá ABC.

Þar svaraði Biden spurningunni um hvort Vladímír Pútín Rússlandsforseti væri morðingi játandi. Þá sagði Biden að Pútín væri sálarlaus og myndi brátt fá makleg málagjöld vegna meintra afskipta Rússa af forsetakosningum í Bandaríkjunum.

Pútín svaraði svo Biden í sjónvarpsútsendingu í gær.

„Ég man að í barnæsku minni, þegar við rifumst á skólalóðinni, sögðum við oft hver við annan: segir sá sem sjálfur er,“ sagði Pútín og vísaði til ummæla Bidens. Hann sagði öll ríki takast á við blóðugar erjur og að Biden væri að saka sig um það sem hann væri sjálfur sekur um.

Dmitrí Peskov, talsmaður Pútíns, segir ummæli Bandaríkjaforseta afar slæm. „Hann hefur greinilega sýnt að hann vill ekki bæta samskiptin við land okkar.“ **– atv**

## Senda bóluefni til nágrannanna

**BANDARÍKIN** Yfirvöld í Washington ætla að senda milljónir skammta af bóluefni AstraZeneca til Kanada og Mexíkó. Efnið hefur ekki fengið markaðsleyfi í Bandaríkjunum og var notkun þess stöðvuð tímabundið í ríkjum Evrópusambandsins vegna meintra tengsla við blóðtappa.

Mexíkó fær 2,5 milljónir skammta og Kanada 1,5 milljónir ef samningar takast, segir blaðafulltrúi Hvíta hússins, Jen Psaki.

Bandaríkin og Mexíkó eiga nú í samningaviðræðum um flæði innflytjenda yfir landamæri ríkjanna. Bóluefnagjöfin gæti verið notuð til að freista þess að fá yfirvöld í Mexíkó til að taka harðar á straumi innflytjenda til Bandaríkjanna. **– þp**

# Mark Rutte verður áfram forsætisráðherra Hollands

**HOLLAND** Allar líkur eru á því að Mark Rutte verði áfram forsætisráðherra Hollands, fjórða skiptið í röð. Þingkosningum lauk í gær og er flokkur hans, hinn hægrisinnaði VVD, áfram stærstur á þingi með 35 sæti og bætti við sig tveimur. Alls eru 150 sæti á hollenska þinginu.

Stærsti sigurvegari kosninganna er samt sem áður D66, frjálslyndur jafnaðarflokkur, sem bætti við sig fimm sætum frá síðustu kosningum og er nú með 24 þingsæti. Leiðtogi hans er Sigrid Kaag sem dansaði uppi á borði í kosningavöku flokksins í gær þegar niðurstöðurnar lágu fyrir.

Fram undan gætu verið langar stjórnarmyndunarviðræður. Nú er hins vegar talsverð tímapressa á stjórnmálamönnum á meðan COVID-19 faraldurinn stendur yfir.

Ástandið í Hollandi vegna faraldursins hefur verið erfitt og um 16 þúsund manns látist af þeim sökum. Mótmæli hafa verið víða um landið vegna sóttvarnaaðgerða en það virðist ekki hafa dregið úr vinsældum flokks Rutte. Svo virðist sem hollenskir kjósendur vilji stöðugleika fram yfir breytingar á stjórnarfari.

Núverandi stjórn Rutte sagði af sér um miðjan janúar vegna hneykslismáls er varðaði kröfur um endurgreiðslu barnabóta.

Vinstrisinnaðir flokkar fóru illa út úr kosningunum og misstu ýmist þingsæti eða héldu velli. Flokkur hins umdeilda hægrimanns Geert Wilders, PVV, missti þrjú sæti og er með 17. Hann er þriðji stærsti flokkurinn á þingi.

Rutte hefur lýst því yfir að honum hugnist best samstarf með D66 og CDA, flokki Kristilegra demókrata. Það er þó ekki nóg til að mynda meirihluta og því er leit hafin að fjórða flokknum.

Nánari er fjallað um málið á frettabladid.is. **– þp**

# Leggjast gegn áformum um vindmyllugarð í Borgarfirði

**Hópur landeigenda nálægt Grjóthálsi í Borgarfirði hefur boðað til fundar í dag vegna áforma um uppsetningu vindmyllugarðs. Telja þeir garðinn verða sjónrænt lýti á sveitinni, lækka fasteigna- og jarðaverð og draga úr laxveiði. Um er að ræða sex vindmyllur á jörðunum Hafþórsstöðum og Sigmundarstöðum.**

**VESTURLAND** Hópur landeigenda í Borgarfirði sem eru ósáttir við áform um uppsetningu vindmylla á Grjóthálsi mun funda í dag. Frestur til þess að skila inn athugasemdum til sveitarfélagsins, Borgarbyggðar, rennur út í lok mánaðar.

„Ég held að fólkið í sveitinni sé að vakna og átta sig á umfangi þess sem á að gera,“ segir Georg Magnússon á bænum Norðtungu 3. Hann sér Grjóthálsinn, og væntanlegar myllur, út um eldhúsgluggann sinn.

Vindmyllurnar verða sex talsins, fimm megavatta hver, í landi Hafþórsstaða og Sigmundarstaða, en hin fyrrnefnda er í eigu Helga Hjörvars fyrrverandi þingmanns. Helgi og Einar Örnólfsson, bóndi á Sigmundarstöðum, kynntu vindmyllugarðinn í samkomuhúsi sveitarinnar árið 2019 en aðrir kynningarfundir hafa ekki farið fram.

„Fyrir íbúana þarna í kring og alla í Borgarfirðinum vona ég að það verði hægt að snúa þessu við,“ segir Georg en það verði áskorun því að mikil undirbúningsvinna hafi farið fram á vegum sveitarfélagsins. Samkvæmt skýrslu VSÓ ráðgjafar er gert ráð fyrir að aðalskipulagsbreyting verði kláruð í haust og umhverfismati ljúki árið 2022.

Georg segir vindmyllurnar munu gerbreyta ásýnd sveitarinnar til hins verra. Myllunum, sem verða umtalsvert hærri en Hallgrímskirkjuturn, myndi fylgja bæði sjón- og hljóðmengun og fuglalíf yrði í hættu að sögn Georgs. Þá myndi fasteignaverðið lækka og ferðaþjónusta minnka, svo sem laxveiði.

„Það kaupir enginn fasteignir eða jarðir með þetta í túnjaðrinum. Og hver vill veiða í Þverá eða Norðurá með þetta gapandi yfir sér?“ spyr Georg.

Vindmyllur hafa mikið verið til umræðu á Vesturlandi, til að mynda í Reykhólahreppi og Dalabyggð þar sem áform eru langt komin. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur farið fram á íbúafund vegna áforma Dalabyggðar, einkum með tilliti til sjónmengunar.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**



Sjónræn áhrif vindmyllugarða hafa verið mikið til umræðu undanfarið og sitt sýnist hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> **Það kaupir enginn fasteignir eða jarðir með þetta í túnjaðrinum.**
>
> Georg Magnússon Borgfirðingur








ENNEMM / SÍA / NM004768

# Klúður



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Eitthvað mikið hefur farið úrskeiðis. Ísland er eitt þróaðasta ríki í heimi, efnað land með fáa íbúa og öfluga innviði, þar sem vilji til bólusetningar er ríkur. Þjóðin ætti, við venjulegar kringumstæður, að hafa alla burði til þess að bera sig saman við vestræn ríki sem standa utan Evrópusambandsins, á borð við Bretland og Bandaríkin. Í Bretlandi stendur öllum sem komnir eru yfir fimmtugt nú til boða bólusetning og í Bandaríkjunum stendur til að nægt bóluefni verði til fyrir alla í lok maí, auk þess sem bæði ríkin hafa fest eins konar frelsisdaga í dagatalið í vor og sumar, þegar öllum hömlum verður aflétt.

Á meðan höfum við horft upp á tafir og meiriháttar klúður í bólusetningaráætlun stjórnvalda, sem var af óskiljanlegum ástæðum útvistað til ESB. Enn er ekki einu sinni búið að bólusetja alla eldri borgara hér á landi og fyrirætlanir um bólusetningar hafa nú tafist um heilan mánuð, og ráðamenn yppa bara öxlum við þeim tíðindum. „Þetta er grautfúlt, en svona er þetta og svona er þessi veira," voru viðbrögð forsætisráðherra við því þegar fréttir bárust um að AztraZeneca-bóluefnið, stór liður í bóluefnisöflun landsins, hefði tímabundið verið sett til hliðar. Fáir leggja traust sitt á að áætlun stjórnvalda um að búið verði að bólusetja alla Íslendinga yfir 16 ára aldri í lok júlí muni ganga eftir.

Hver dagur sem þjóðin er óbólusett er óheyrilega dýr. Ferðaþjónustan er mikilvægari fyrir okkur en flestar nágrannaþjóðir, ríkissjóður tapar milljörðum ofan á milljarða og safnar skuldum á hverjum degi – en hreinar skuldir ríkisins hafa aukist um nærri 300 milljarða á síðustu tólf mánuðum. Þá er tæpast hægt að setja verðmiða á tjónið sem skorður á athafnafrelsi, ferðafrelsi og almennum mannréttindum kosta; glötuð tækifæri, skortur á annarri heilbrigðisþjónustu, versnandi andleg heilsa og einfaldlega glötuð lífsgæði, því líf sem lifað er undir þrúgandi boðum og bönnum til lengdar getur vart talist líf. Því miður hefur faraldurinn hins vegar fest í sessi þann hugsunarhátt hjá stórum hópi að ávallt sé réttlætanlegt að hefta frelsi fólks ef einhver hætta kann að vera á ferðinni.

Með öflugri forystu hefði mátt bólusetja þjóðina mun fyrr, opna landið og afnema um leið þær skerðingar á daglegu lífi sem við höfum búið við. Baráttan um bóluefnin er enginn leikur heldur alvöru slagur. Við sjáum það af því kalda stríði sem nú ríkir á milli Bretlands og ESB, þar sem útflutningsbanni er svarað með efasemdum um gagnsemi breska bóluefnisins. Stjórnvöld hefðu átt að berjast fyrir því með kjafti og klóm að tryggja nægt bóluefni fyrir löngu, en af einhverjum ástæðum virðist þeim ráðherrum sem fóru með málið hafa skort þar vilja eða getu, eða hvoru tveggja. Ótrúlegt er að ríkisstjórn, þar sem flokkarnir áttu fátt sameiginlegt annað en andstöðu við ESB, skyldi ákveða að hengja sig alfarið á misheppnaða bólusetningaráætlun sambandsins. Hvernig í ósköpunum var komist að því að það væri þjóðinni fyrir bestu, og á sama tíma að ekkert Plan B var fyrir hendi? Bólusetningarklúður stjórnvalda, sem er einkum á ábyrgð heilbrigðisráðherra, eru afglöp af áður óþekktri stærðargráðu.

> **Bólusetningarklúður stjórnvalda, sem er einkum á ábyrgð heilbrigðisráðherra, eru afglöp af áður óþekktri stærðargráðu.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Óskhyggjuvitið ...**

**Óvísindalegar netkosningar á vef Útvarps Sögu eru líklega ekki mjög áreiðanlegur mælikvarði á geðsveiflur í samfélaginu því þá væri Guðmundur Franklín Jónsson forseti Íslands og Miðflokkurinn og Flokkur fólksins burðarásar í ríkisstjórn. Þetta er engu að síður áhugaverður þjóðarbrotspúls sem sýnir meðal annars fram á að 67,42% hlustenda eru svo þreytt á jarðskjálftunum að þau eru til í eldgos á Reykjanesi. Þótt ólíklegt þyki að gosi fylgi miklar hamfarir má ætla að útsendingar stöðvarinnar náist annað hvort illa í Grindavík og nágrenni eða það 15,91% hlustenda sem svarar spurningunni neitandi búi á þeim slóðum.**

**... er í sprauturnar látið**

**Viss tortryggni í garð bólusetninga hefur ítrekað komið fram hjá innhringjendum í símatíma Útvarps Sögu. Óttinn við hið óþekkta er þó ekki meiri en svo að þegar spurt var í netkönnun hvaða bóluefni fólk treysti best völdu flestir, eða 40,19%, hið rússneska Spútnik V sem er bruggað í lokuðu samfélagi þaðan sem yfirvöld hafa tilhneigingu til að skammta upplýsingar. Minna kemur á óvart að næstflestir, 24,61%, vilja ekki bólusetningu en 4,36% treysta sér í AstraZeneca-sprautuna sem er í gjörgæslu þessa dagana.**

**toti@frettabladid.is**

# Skiptimyntin Reykjavík



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi suður



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi norður

Ríkisstjórnin er í bobba með sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Það stefnir til dæmis í að stjórnin verði gerð afturreka með frumvarp um lögbundna sameiningu sveitarfélaga sem og frumvarp um hálendisþjóðgarð en bæði málin hafa verið gagnrýnd fyrir að ganga of nærri rétti sveitarfélaga til að ráða eigin málum. Í hópi þeirra sem spyrna hvað fastast við fótum til varnar þessum rétti sveitarfélaga eru stjórnarþingmenn, jafnvel ráðherrar.

Nú liggur hins vegar fyrir Alþingi mál frá samgönguráðherra sem hlotið hefur brautargengi í þingflokkum stjórnarflokkanna, mótmæla- og fyrirvaralaust að því er virðist. Í því máli felst heimild til samgönguráðherra til að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli sem gengju framar skipulagi sveitarfélaga. Reykjavík yrði þannig einfaldlega svipt skipulagsvaldi á Reykjavíkurflugvelli. Í því felst grundvallarbreyting sem er þvert á núgildandi lög og um leið þvert á samkomulag ríkis og borgar um framtíðarskipulag innanlandsflugsins.

Skipulagsvald sveitarfélaga er vitaskuld ekki án takmarkana, en með þessu er verið að setja það fordæmi að almennar skipulagsreglur geti vikið lögum til hliðar. Hér er því miður ekki um eina áhlaup ríkisstjórnarinnar á sjálfsákvörðunarrétt Reykjavíkurborgar að ræða, en þetta er það alvarlegasta.

Í ríkisstjórn sitja nú fimm þingmenn Reykjavíkur þó þess sjáist sannarlega ekki glögg merki. Einn ráðherra í viðbót hefur lýst yfir framboði í Reykjavík í næstu kosningum. Að auki eiga Reykvíkingar fimm aðra þingmenn í stjórnarflokkunum þremur.

Kannski gilda önnur lögmál um Reykjavík hjá ríkisstjórnarflokkunum þremur. Allavega virðist umhyggjan fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga ekki ná til höfuðborgarinnar. Tengist það kannski því að þar stýra aðrir flokkar í umboði Reykvíkinga? Getur verið að VG sé tilbúið að fórna hagsmunum borgarbúa fyrir loforð um áframhaldandi setu í ríkisstjórn eftir kosningar? Eru hagsmunir Reykvíkinga bara skiptimynt hjá þessum þremur flokkum?




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Af hverju tekur laxinn ekki samræmd próf?

ÍDAG



Þórlindur Kjartansson

Í annað sinn á fjórum próftímabilum gerðist það fyrr í mánuðinum að framkvæmd svokallaðra samræmdra könnunarprófa fór í vaskinn. „Aðilar“ benda hver á annan og smám saman virðist ætla að skapast sátt um að þetta sé óheppilegt, en mikilvægast sé að endurskoða tilgang prófanna og að skaðinn sé hvort sem er ekki mikill þar sem svona samræmd próf séu úrelt og skipti engu máli. Kannski er það rétt. En kannski mjög rangt.

**Af hverju stekkur laxinn?**

Þegar illa gengur að ná fiski hugga laxveiðimenn sig gjarnan við náttúrufegurðina og reyna að njóta þess að vera í tengslum við lífríkið. Þótt ekkert toppi þá tilfinningu að finna fyrir töku þá getur verið notalegt og nærandi að fylgjast með fljúgandi fuglum, hlusta eftir skvettum frá stökkvandi laxi og sjá hann leika sér.

Veiðiferðir eru kannski ekki alltaf vettvangur djúpra heimspekilegra vangaveltna, en þó vakna stundum áleitnar tilvistarlegar spurningar þegar návígið við náttúruna er mikið. Þessar vangaveltur eiga einkum við um laxinn sjálfan. Veiðimaðurinn vill skilja bráðina til þess að geta egnt fyrir hana gildru. Hann vill snúa á skepnuna og beita meintum vitsmunalegum yfirburðum sínum ásamt fokdýrum tækjabúnaði til sigurs.

Ein vinsæl vangavelta er um ástæður þess að laxinn tekur upp á því í tíma og ótíma að stökkva upp úr djúpinu og berskjalda sig þannig gagnvart veiðimönnum og rándýrum. Það er greinilega leikur í þessu hjá laxinum en sennilegasta skýringin á þessu atferli er að eðlishvötin reki hann til þess að vera sífellt að þjálfa sig. Jafnvel þótt örlítil áhætta og álag felist í leiknum þá bliknar það í samanburði við mikilvægi þess að geta uppfyllt tilvistarlegan tilgang sinn. Ólíkt veiðimanninum þarf laxinn nefnilega að vera í nægilega góðu líkamlegu ásigkomulagi til þess að stökkva upp í gegnum flúðir og fossa á leið sinni upp og niður ána.

**Er leikur að læra?**

Flestir leikir dýra og manna fela í sér einhvers konar þjálfun og þótt þjálfunin fari gjarnan fram í formi leiks, þá er tilgangurinn grafalvarlegur. Í samfélaginu nýtist bæði leikgleði og keppnisskap til þess að undirbúa fólk til þess að geta tekið að sér ábyrgð og sinnt verkefnum sem skipta raunverulegu máli, jafnvel þótt leikirnir hafi lítinn tilgang í sjálfum sér.

Mannheimar nútímans eru nefnilega margbrotnari en laxheimar. Samfélagið treystir á rafvirkja sem kunna sitt fag. Annars skapast eldhætta í húsum og fólk deyr. Við treystum á verkfræðinga sem kunna að reikna burðarþol. Annars hrynja brýr og fólk deyr. Við treystum á þekkingu lækna. Annars greinast sjúkdómar ranglega og fólk deyr. Allir þeir sem sinna mikilvægum verkefnum í samfélaginu og bera ábyrgð þurfa að venja sig á að taka mjög alvarlega mikilvægi þess að tileinka sér þekkingu og þjálfa upp færni.

Leikir mannanna eru því talsvert flóknari en sund- og stökkæfingar laxins. Það krefst margvíslegrar þekkingar og samfélagslegrar mótunar að gera manneskju tilbúna til þess að taka þátt í þjóðfélaginu sem fullorðinn einstaklingur. Sumt í þeim undirbúningi eru í raun „leikir“ þótt við nefnum það öðrum nöfnum. Skólaganga og nám eru til dæmis, þegar öllu er á botninn hvolft, nokkurs konar þykjustuleikur. Við verjum löngum stundum í að æfa okkur í margháttaðri þekkingu og þjálfum ýmiss konar færni, vitandi að líklega kemur ekki til með að reyna beint á nákvæmlega þau atriði sem við þjálfum okkur í. Engu að síður er þjálfunin ómissandi bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Undirstaðan sem lögð er í uppeldi, hvort sem það á sér stað inni á heimili, á íþróttavelli, í tónlistarskóla eða almennri kennslustofu hefur þann tilgang að gera fólki mögulegt að sinna þeim störfum, rækja þær skyldur og uppfylla þau hlutverk sem samfélagið þarfnast. Í skólanum er skemmtilegt að vera fyrir börnin eins og það er skemmtilegt fyrir laxinn að stökkva í ánni. En líf laxins er mjög einfalt og þess vegna þarf hann ekki að fara í samræmd próf.

**Leikirnir skipta máli**

Og kannski er eitt það mikilvægasta sem þarf að venja sig á í skólanum að vera tilbúin til þess að mæta í prófraun og þurfa að treysta á eigin undirbúning við aðstæður þar sem það hefur einhvers konar afleiðingar hvort það gengur vel eða illa. Þetta er til dæmis tilgangur með að leggja fyrir og taka próf. Flestir læra meira á því að beita sig hörðu til að komast í gegnum Gísla sögu Súrssonar heldur en á að þekkja efni hennar. Markmiðið með prófum er ekki bara að læra efnið heldur að læra að undirbúa sig og taka verkefni alvarlega.

Þetta ættu yfirvöld menntamála í landinu að skilja mjög vel akkúrat núna þar sem þau hafa nýverið kolfallið á sínu eigin prófi.



FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Kórónar frábær ár í Bandaríkjunum

**Dagný Lísa Davíðsdóttir verður fjórði Íslendingurinn sem tekur þátt í marsfárinu í körfubolta með liði sínu á næstu dögum. Dagný Lísa hélt sautján ára út í nám í Bandaríkjunum og var hluti af meistaraliði Wyoming á lokatímabili sínu í háskólakörfuboltanum.**



Dagný Lísa sem er á sjöunda tímabili sínu í Bandaríkjunum kveðst ánægð með að hafa skipt yfir til Wyoming í fyrra og tekið aukaár vestanhafs. MYND/AÐSEND

**KÖRFUBOLTI** Dagný Lísa Davíðsdóttir verður á mánudaginn önnur íslenska konan og fjórði Íslendingurinn frá upphafi eftir því sem Fréttablaðið kemst næst til að taka þátt í úrslitakeppni bandaríska háskólakörfuboltans, marsfárinu (e. March Madness). Lið Dagnýjar, Wyoming Cowgirls, tekur í ár þátt í marsfárinu í annað sinn í sögunni en þess bíður einvígi gegn UCLA sem er að taka þátt fimmta árið í röð. Líkurnar eru UCLA hliðhollar en Dagný Lísa og stöllur koma inn í mótið á mikilli siglingu eftir að hafa unnið sex leiki í röð.

Þessi 24 ára gamli Hvergerðingur hefur verið í námi í Bandaríkjunum í tæp sjö ár og leikið körfubolta samhliða náminu.

„Það er þvílík spenna komin í hópinn enda er þetta mjög spennandi tækifæri. Þegar ég fór fyrst út, fyrir sjö árum síðan, ætlaði ég mér að komast í háskólakörfuboltann og í marsfárið. Núna tókst okkur að vinna titil og komin í marsfárið sem er ákveðinn léttir á lokaárinu,“ segir Dagný létt í lund og heldur áfram:

„Ég hef ekki unnið titil áður og í raun ekki fengið mörg tækifæri til þess áður. Kannski er það ákveðin heppni að fá að enda ferilinn minn í Bandaríkjunum á þennan hátt.“

Undanfarnar vikur hefur verið leikið þétt og hver leikur skipt máli í baráttunni um að komast í marsfárið. Um leið vann Wyoming sinn fyrsta titil í Mountain West-deildinni.

„Skólinn hefur oft verið nálægt því að komast áfram en bara einu sinni komist í marsfárið. Líkurnar voru okkur ekkert endilega í hag enda þurftum við að spila fjóra leiki á stuttum tíma þegar önnur lið léku þrjá,“ segir Hvergerðingurinn og viðurkennir að því hafi ekki gefist mikill tími til að fagna sigrunum.

„Í úrslitakeppninni í deildinni okkar var lítið um fagnaðarlæti eftir sigurleikina. Við fórum bara beint í að skoða næsta andstæðing og undirbúa næsta leik. Það var í raun ekki fyrr en eftir úrslitaleikinn sem við gátum leyft okkur að fagna aðeins. Þá vissum við að við hefðum smá tíma en fagnaðarlætin voru auðvitað takmörkuð af sóttvarnareglum. Ég og ein önnur í liðinu fengum kórónaveiruna fyrr í vetur þannig það eru mjög strangar reglur en samt erum við að koma upp hjá öðrum liðum,“ segir Dagný.

> **Dagný Lísa er fjórði Íslendingurinn sem kemst í marsfárið í bandaríska háskólakörfuboltanum á eftir Helenu Sverrisdóttur (2009), Frank Aaroni Booker (2015) og Jóni Axeli Guðmundssyni (2018).**

Eftir að hafa leikið fyrir Niagara University fyrstu árin í Bandaríkjunum skipti Dagný yfir til Wyoming í fyrra. Meiðsli á öðru ári í Niagara gerðu henni kleift að fá auka ár í bandaríska háskólakörfuboltanum (e. Redshirt) og er hún því að klára aðra meistaragráðu sína í Wyoming.

„Ég byrjaði í Niagara þar sem ég var í fjögur ár en vegna meiðslanna stóð til boða að leika eitt ár í viðbót. Ég fann að ég var ekki búin að fá nóg út úr þessu og vildi halda áfram og skellti mér því í annað mastersnám. Þetta er mun stærri skóli og ég er ofboðslega ánægð með að hafa tekið þessa ákvörðun.“

Þetta er aðeins í annað skiptið sem kvennalið Wyoming kemst í marsfárið og fyrsti meistaratitillinn sem liðið vinnur.

„Það hefur verið frábært að taka þátt í því að vinna fyrsta titil kvennaliðsins og brjóta ísinn þar. Um leið er gott að vita hvað þetta gerir fyrir stuðningsmenn okkar sem eru meðal þeirra bestu á landsvísu og elska liðið. Skólinn er ekki í stórborg og það er ekkert atvinnumannalið hér þannig að þau leggja allt í háskólaliðin og styðja vel við bakið á liðinu. Fyrir vikið verður íþróttafólkið hér að hálfgerðum stjörnum, innan sem utan vallar.“

Fyrir fram má búast við sigri UCLA en í marsfárinu skiptir styrkleikaröðunin yfirleitt engu máli. Fyrir vikið er keppnin einn af vinsælustu íþróttaviðburðum hvers árs vestanhafs þar sem minni spámenn slá oft í gegn á móti liðum sem eru talin sterkari á blaði.

„Fegurðin er að það getur allt gerst í þessum leikjum. Marsfárið eins og það leggur sig byrjar í raun í úrslitakeppni deildanna og endar á því að lið verður meistari á landsvísu. Í úrslitakeppninni í okkar deild vorum við í sjöunda sæti á styrkleikalistanum eftir að hafa misst marga leiki úr höndum okkar á tímabilinu en við förum alla leið. Fyrir vikið vitum við að við getum unnið hvaða lið sem er og kunnum að mörgu leyti vel við okkur sem litla liðið á pappírnum.“

Dagný fór út aðeins sautján ára gömul og segist koma aftur til Íslands sem mun heilsteyptari leikmaður.

„Ég hef tekið gríðarlegum framförum á þessum árum sem var ein af ástæðunum fyrir því að ég fór út á sínum tíma. Samkeppnin er meiri hér og ég hef unnið með frábærum liðsfélögum og þjálfurum, samt erum við ekki meðal tuttugu bestu liða Bandaríkjanna. Samkeppnin er slík að það drífur mann áfram að taka bætingum. Ég kem því heim sem mun heilsteyptari leikmaður,“ segir Dagný sem á von á því að leika á Íslandi á næsta tímabili.

kristinnpall@frettabladid.is




## OZ í viðræðum um samstarf með VAR

**FÓTBOLTI** Hugbúnaðarfyrirtækið OZ fékk á dögunum verðlaun í samkeppni sem Fast Company stóð fyrir en þar var OZ valið eitt af tíu frumlegustu fyrirtækjunum í íþróttaheiminum. OZ hefur verið með ýmis verkefni á sínum snærum sem snúa að íþróttamarkaðnum, annars vegar er það þróun á hugbúnaði fyrir VAR-myndbandsdómgæslu og hins vegar app sem hefur það að markmiði að færa þá sem horfa á íþróttaviðburði heima í sófa nær þeirri tilfinningu að þeir séu á vellinum.

Knattspyrnudómarinn Vilhjálmur Alvar Þórarinsson sem hefur unnið að VAR-verkefninu fyrir OZ segir hugbúnað fyrirtækisins enn vera í þróun og markmiðið sé að gera VAR eins aðgengilegt og hægt er fyrir knattspyrnusambönd.

Þannig sé hugmyndin að þau geti hafið innleiðingu án þess að fara í stórar fjárfestingar á innviðum. Þannig geti dómarar unnið saman og líkt eftir því að vera í VAR-herbergi heiman frá sér, notandi búnað sem er til á flestum heimilum.



**Damir Skomina var fyrstur til að nota VAR á Íslandi á síðasta ári.**

„Við erum að miða við að dómarar og þeir sem noti VAR geti æft sig í því að nota myndbandsdómgæslu á stafrænan hátt þannig að þeir geti gert það hvar sem er og hvenær sem er,“ segir Vilhjálmur Alvar um vöruna.

„Með okkar búnaði geta knattspyrnusambönd hafið innleiðingu á VAR án þess að fara út í mikinn kostnað. Með þessu geta dómarar æft sig í því að nota myndbandsdómgæslu í einhvern tíma áður en það er notað. Þannig kemst reynsla á það að nota kerfið sem er líklegt til þess að fækka mistökum og slípa af vankanta þegar kerfið er svo tekið í notkun,“ segir dómarinn.

Lönd sem hafa verið að vinna með VAR í talsverðan tíma hafa sýnt kerfinu áhuga. FIFA hefur fengið OZ til þess að vinna fyrir sig að ákveðnu verkefni þar sem notaðar eru vörur sem fyrirtækið hefur verið að þróa og snýr að myndbandsdómgæslu. Þá segir Vilhjálmur Alvar að viðræður standi yfir við knattspyrnusambönd um mögulegt samstarf á næstu misserum. – hó

# Í TILEFNI FERMINGARDAGSINS

**Nintendo Switch** verð frá 56.015 kr
**Switch Lite** verð 39.990 kr




Ein vinsælasta leikjatölva í heimi

NINTENDO SWITCH



**TEAC**



Plötuspilari **TACTN-280BT-A3/B**
tilboðsverð 39.865 kr
Bluetooth

Plötuspilari **TACTN-400BT-WA**
tilboðsverð 65.365 kr
Bluetooth





## LEVENHUK

sjónaukar & smásjár
20% afsláttur



**T5 II TW SPORT GRAY**
tilboðsverð 33.915 kr

**NÝTT**
**Klipsch**
heyrnatól 15% afsláttur

**T5 II TW GMETAL**
tilboðsverð 26.995 kr





**Beoplay H4 2nd Gen**
verð 49.000 kr

## BANG & OLUFSEN

**Beosound A1 2nd Gen**
verð 44.900 kr






**SAMSUNG UHD 2100PQI 50"**
tilboðsverð 99.990 kr

**SAMSUNG SOUNDBAR Q76T**
tilboðsverð 89.990 kr

**KÍKTU Á ÚRVALIÐ**
**ORMSSON.IS**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Sigríður Jóna Aradóttir**

lést á Krabbameinsdeild Landspítala
sunnudaginn 14. mars sl.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju
þriðjudaginn 23. mars nk. kl. 13.00.

**Magnús Gunnarsson** **Feldís Lilja Óskarsdóttir**
**Ari Gunnarsson** **Anna Eyberg Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg systir okkar og mágkona,

**Svandís Sigurðardóttir**

frá Landamóti,
Hafnarstræti 16,
Akureyri,

lést á heimili sínu 12. mars.
Útför hennar fer fram frá Höfðakapellu
þriðjudaginn 23. mars kl. 13.00. Vegna aðstæðna í
þjóðfélaginu verða einungis nánustu ættingjar viðstaddir.
Sérstakar þakkir fær starfsfólkið í Hafnarstræti 16 fyrir
einstaka umönnun og hlýju.

**Klara S. Sigurðardóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Sigurður M. Sigurðsson** **Guðrún Stefánsdóttir**
**Þormóður Sigurðsson** **Ave Kara Sillaots**
**Baldvin H. Sigurðsson**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hörður Vestmann Árnason**

Birkivöllum 31, Selfossi,

lést mánudaginn 8. mars á
Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum,
Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju
23. mars kl. 14.00. Vinir og aðstandendur velkomnir á
meðan húsrúm leyfir (200 manns). Gestir eru vinsamlega
beðnir um að hafa með sér á blaði nafn, kennitölu og
símanúmer. Athöfninni verður einnig streymt á
vef Selfosskirkju.

**Jóhanna Kristinsdóttir**
**Kristinn Harðarson** **Sólborg Erla Ingadóttir**
**Hallgrímur Harðarson**
**Lóa Hrönn Harðardóttir** **Gísli Pálmason**
**Pétur Harðarson**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Hjartans þakkir til þeirra sem hafa
sýnt okkur umhyggju við andlát og
útför okkar ástkæra eiginmanns,
föður, tengdaföður, sonar,
bróður, mágs og tengdasonar,

**Ástþórs Hlöðverssonar**

rafvirkja,
Erluási 28, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til Örvars Gunnarssonar læknis á
Landspítalanum, starfsfólks HERU heimahjúkrunar og
líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir góða og hlýja
umönnun. Minning þín er ljós í lífi okkar.

**S. Helga Guðmundsdóttir**
**Hilmar Ástþórsson** **Rakel Svala Gísladóttir**
**Elva Björk Ástþórsdóttir** **Wade Barrett Lee**
**Berglind Alda Ástþórsdóttir** **Styr Orrason**
**Hlöðver Pálsson** **Sonja Margrét Gränz**
**Ólafur Ómar Hlöðversson**
**Geir Sigurpáll Hlöðversson** **Jóna Lind Sævarsdóttir**
**Vignir Þröstur Hlöðversson** **Lilja Björk Hauksdóttir**
**Hlöðver Hlöðversson** **Margrét Perla Kolka Leifsdóttir**
**Róbert Karl Hlöðversson** **Erla María Árnadóttir**
**Víóletta Ósk Hlöðversdóttir** **Sverrir Örn Gunnarsson**
**Guðmundur Tr. Ólafsson** **Alda Hauksdóttir**

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .



**Jóhanna segir hægt að nota verkfærin og efniviðinn á borðunum með fjölbreyttum hætti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Grunnhugmyndin er sú að gerðar séu tilraunir

**Ungt fólk á öllum aldri nefnist verkefni sem vígt verður í Hönnunarsafni Íslands á sunnudaginn og ætlað er að efla áhuga þátttakenda á rúmfræðitilraunum. Jóhanna Ásgeirsdóttir listkennari er heilinn bak við það og hún segir engar leiðbeiningar í boði.**

Krakkar setjast hér niður og byrja að pæla og setja saman alls konar fyrirbæri. Mér skilst að meira að segja ærslabelgir séu pollrólegir við þetta borð,“ segir Jóhanna Ásgeirsdóttir listakennari sem hefur hannað leik- og fræðsluborð í fimm einingum fyrir Hönnunarsafnið á Garðatorgi. Nemendur sem hafa komið í smiðjur í safninu hafa fengið að prófa borðið en það verður vígt og tekið formlega í notkun á sunnudaginn, 21. mars.

**Einar Þorsteinn áhrifavaldur**

Hönnuðurinn Jóhanna segir að borðið sé innblásið af hugmyndum og verkum Einars Þorsteins Ásgeirssonar arkitekts, sem var óskyldur henni, þrátt fyrir sama föðurnafn.

„Ég kom hingað á Hönnunarsafnið þegar verið var að kynna kennslubók í stærðfræði sem Einar Þorsteinn bjó til og nefnist Barnaleikur. Síðar fékk ég að vera hér með sjálfstæða rannsókn á verkum hans, sem safnið fékk í fangið. Í lokaverkefni mínu í Listaháskólanum endaði ég á að reyna að miðla rúm- og stærðfræði sjónrænt,“ lýsir Jóhanna. Hún bætir því



**Hér er eitthvað sniðugt að verða til í höndum ungra gesta Hönnunarsafnsins.**

við að rúmfræði eigi erindi í leikskóla, háskóla og allt þar á milli. Það sé bara misjafnt hver nálgunin sé.

**Virknin aðalatriði**

Jóhanna segir virkni eiga að einkenna borðið sem nú á að vígja í Hönnunarsafninu. Það sé í fimm mismunandi hlutum með jafnmörgum ólíkum viðfangsefnum. „Við erum með teygjupinna, kubba, úrklippiefni til að raða saman og fleira sem grípur hugann hjá mörgum. Þetta verkefni nefnist Ungt fólk á öllum aldri og er tilvitnun í Einar Þorstein. Það er fyrir alla áhugasama. Engar leiðbeiningar eru um viðfangsefnin heldur er hægt að gera það sem hver vill með þessi verkfæri eða leikföng. Grunnhugmyndin er sú að gerðar séu tilraunir – jafnvel uppgötvanir.“

> **Við erum með teygjupinna, kubba, úrklippiefni til að raða saman og fleira sem grípur hugann hjá mörgum.**

En óttast Jóhanna ekki að efniviðurinn fari út um allt, sumt af honum er svo smátt? „Það er allt í lagi að drasla smá en þetta er líka hannað þannig að það er augljóst hvernig á að ganga frá,“ svarar hún. **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 19. MARS 1908

## Kona talaði á bæjarstjórnarfundi í borginni

Kona kvaddi sér hljóðs í fyrsta sinn á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík þennan mánaðardag árið 1908. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Hún lagði til að fé yrði veitt til sundkennslu fyrir stúlkur og hlaut tillagan samþykki.

Bríet var ötul baráttukona fyrir réttindum kvenna. Var meðal stofnenda Hins íslenska kvenfélags árið 1894, hóf útgáfu Kvennablaðsins árið eftir og var ritstjóri þess til 1926. Einnig var hún upphafsmaður að stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og formaður þess til 1911 og aftur 1912 til 1927. Þá var hún ein fjögurra kvenna sem fyrstar voru kosnar í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908. Hinar voru Guðrún Björnsdóttir, Katrín Magnússon og Þórunn Jónassen. Þær buðu fram sérstakan kvennalista.



**Bríet Bjarnhéðinsdóttir.**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 19. mars 2021






**Matador er vinsælasta þáttaröð sem gerð hefur verið í Danmörku.**

## Matador í bók

Danska sjónvarpsþáttaröðin Matador er ein sú langvinsælasta sem sýnd hefur verið þar í landi og þótt víðar væri leitað. Nýlega kom út vegleg bók í Danmörku sem fjallar um þættina. Lesendur fá að kynnast öllum þeim frábæru persónum sem koma við sögu í þáttunum auk þess sem ýmislegt er upplýst sem áður var óþekkt. Í bókinni eru viðtöl, mikið af myndum, meðal annars úr ósýndum upptökum. Myndir af leikmununum, framleiðsluteikningum og búningahönnun.

Bókin seldist strax upp en hefur nú verið endurprentuð. Höfundar bókarinnar, þeir Christian Monggaard og Jacob Wendt Jensen, tóku viðtöl við fjörutíu manns sem komu að þáttunum, jafnt leikara sem kvikmyndafólk.

**Lærði dönsku af Matador**

Matador-þættirnir sem sýndir voru hér á landi á sínum tíma eru sagðir mikilvægur hluti af menningarsögu Danmerkur. Þeir voru fyrst sýndir á árunum 1978-1981 en hafa verið endursýndir margsinnis vegna vinsælda. Sagan gerist í skálduðum bæ, Korsbæk, á árunum 1929-1947 og fjallar um líf fólksins í bænum, jafnt félagslegt litróf en ekki síður samkeppni milli fjölskyldna tveggja kaupsýslumanna, Mads Skjern og Hans Christian Varnæs.

Mary, krónprinsessa Danmerkur, lýsti því í viðtali við ástralska sjónvarpið að hún hefði horft á þættina til að læra dönsku.

elin@frettabladid.is






**Hrefna Kristrún æfir hér ballett á sumarnámskeiði. Hún hefur sótt námskeið víða, meðal annars í Bandaríkjunum og Evrópu.** MYND/AÐSEND

# Hrefna Kristrún er ballerína í hörðum heimi listarinnar

Hrefna Kristrún Jónasdóttir er 21 árs atvinnuballettdansari hjá Ballet Theatre UK. Þar starfar hún ásamt tvíburasystur sinni. Systurnar hafa stundað ballett frá þriggja ára aldri. Ballettinn hefur verið í COVID-fríi en þær vonast til að sýningar fari í gang í lok sumars. 2



„Þessi mynd lýsir lífinu hjá Ballet Theatre UK best," segir Hrefna. „Myndin var tekin á milli tveggja sýninga af Galdrakarlinum í Oz, í Brighton Dome um jólin, þar sem svo skemmtilega vill til að ABBA vann Eurovison og söngvarar eins og David Bowie, Elton John og Jimi Hendrix hafa komið fram.

Það er krefjandi að sýna ballett daglega og stundum tvisvar á dag. Hrefna hefur fundið fyrir álagsmeiðslum og segir að í rauninni hafi fríið undanfarið verið kærkomin hvíld fyrir líkamann þótt æfingar haldi áfram daglega hér heima. Það eru ekki margir Íslendingar atvinnuballettdansarar og þess vegna er gaman að því að tvíburasysturnar Hrefna Kristrún og Erna Kristín hafi náð svona langt. Ballet Theatre UK er staðsett norðan við London en það er farandleikhús sem ferðast um Bretland. „Við erum undir sérstöku álagi vegna ferðalaganna. Í fyrra voru fyrirhugaðar 130 sýningar en það breyttist vegna COVID. Við vorum búin með 78 sýningar þegar allt varð stopp. Núna er akkúrat eitt ár síðan leikhúsinu var lokað. Það breyttist heilmikið í okkar lífi við það," segir Hrefna Kristrún. „Það er auðvitað svekkjandi að missa svona langan tíma í leikhúsinu en við lítum bjartsýnum augum á að það verði hægt að opna aftur í sumar."

Hrefna Kristrún og Erna Kristín, tvíburasystir hennar, voru aðeins þriggja ára þegar þær hófu ballettnám í Washington DC í Bandaríkjunum. Þá bjó fjölskyldan þar. „Við systurnar vorum dolfallnar yfir myndinni Barbie in the Nutcracker. Afi okkar, Knútur Hallsson, ráðuneytisstjóri og formaður Kvikmyndsjóðs Íslands, var mikill ballettunnandi. Hann setti iðulega klassíska tónlist á fóninn og við dönsuðum með. Móðir okkar, Halldóra Þórarinsdóttir, ákvað að skrá okkur í balletttíma þegar hún sá þennan áhuga. Sjálf hafði hún alist upp á Hvammstanga og þar var ekki boðið upp á ballettnám sem hana dreymdi þó um. Þegar við fluttum aftur heim til Íslands hófum við nám hjá Listdansskóla Íslands og útskrifuðumst þaðan. Einnig sóttum við tvisvar sumarnámskeið hjá San Francisco ballettinum og í eitt skipti í Chicago auk námskeiðs í Kaupmannahöfn. Við höfum því farið víða og sótt okkur reynslu," segir Hrefna Kristrún.

**Harður listaheimur**

Fyrir tveimur árum fóru systurnar að leita eftir atvinnutækifærum í ballettinum í Evrópu. Þær komust í nokkrar prufur, meðal annars í Grand Audition í Barcelona, þar sem umsóknir voru yfir eitt þúsund. Rúmlega tvö hundruð manns fá að mæta í prufu. Systurnar komust í gegnum fyrstu þraut og var boðið að koma aftur og dansa sóló. „Eftir það voru 30 kallaðir í viðtal og við vorum meðal þeirra. Í lokin fengu 4 dansarar samning hjá BTUK og við systurnar meðal þeirra," segir Hrefna Kristrún. „Það eru einungis tvö prósent dansara í heiminum sem fá atvinnutækifæri svo þetta er harður heimur," segir hún. „Við ákváðum að skrifa undir samning og flytja til Bretlands."



Fyrsta sýningin sem systurnar tóku þátt í var Galdrakarlinn í Oz. „Það urðu sjötíu sýningar víða um Bretland. Síðan tók við ballettinn Giselle sem er dramatískt verk. Það er mikið ævintýri að taka þátt í þessu. Ballettinn er bæði íþrótt, listgrein og tjáningarform. Maður þarf að vera sterkur til að geta höndlað æfingar í átta tíma á dag auk sýninga. Næsta sýning hjá okkur verður Snjódrottningin eftir H.C. Andersen sem er mjög spennandi verkefni."

Hrefna Kristrún segist vera ævinlega þakklát Listdansskóla Íslands því þar hafi hún fengið mikla hvatningu. „Við höfum fengið að stunda æfingar í skólanum núna í COVID sem við erum afar þakklátar fyrir. Við verðum að halda okkur í formi og það er ómetanlegt að hafa fengið að nota sali skólans til æfinga."

**Sjúkraþjálfarinn mælti með Feel Iceland kollageni**

Hrefna Kristrún fann mikið fyrir álagi á fæturna og var með mikla verki í ökkla sem er algengt meðal dansara. „Vegna þess hversu sýningar voru margar gafst aldrei tími til að hvíla ökklann. Þar sem ég var komin með samning var ekki um annað að ræða en dansa þótt ég fyndi til í fætinum. Það var þess vegna lán í óláni að loka þurfti leikhúsinu. Ég hvíldi fótinn í tvo mánuði en fékk ekki bata enda kom í ljós eftir myndatöku að ég var með aukabein í fætinum. Eftir skurðaðgerð þurfti ég að ná aftur liðleikanum hjá sjúkraþjálfaranum mínum. Ásta Arnardóttir, sjúkraþjálfari í Orkuhúsinu, benti mér á að taka Joint Rewind hylkin frá Feel Iceland. Ég trúði varla hversu mikinn mun ég fann strax á líðan minni. Þetta var eins og að fá smurningu á liðinn. Ég hætti að taka hylkin í nokkra daga til að prófa og fann þá strax aftur til í fætinum. Ég hef því haldið áfram að taka þau inn með góðum árangri og bætti kollageninu frá Feel Iceland við. Það hefur haft mjög góð áhrif á húð og hár. Núna er það partur af daglegri rútínu hjá mér að taka bæði þessi fæðubótarefni," segir Hrefna Kristrún.

Joint Rewind er í hylkjaformi en kollagenið er duft sem hún setur út vatn, smoothie eða appelsínusafa. „Stundum bý ég til acai-skál og set kollagenið út í hana. Þetta eru ofurber sem ég blanda saman við jarðarber, banana og bláber. Það er mjög einfalt að útbúa svona graut og í raun auðvelt að gúgla uppskrift. Ég set eina til tvær skeiðar af kollageni saman við acai-berin. Svona skál gefur manni góðan kraft fyrir daginn. Ég er alveg viss um að kollagenið hefur góð áhrif á beinin á meðan Joint Rewind smyr liðina. Það er ekki hægt annað en að mæla með þessum vörum því þær hafa flýtt fyrir bata mínum," segir Hrefna Kristrún. „Þetta er þar að auki íslensk vara og maður treystir innihaldinu mjög vel."

## Acai-skál

Hér kemur uppskrift að morgunverði frá Hrefnu Kristrúnu

- 2 stórar matskeiðar af vanilluskyri
- 1 matskeið af acai-dufti
- 1 banani, betra ef hann er frosinn/kaldur
- 2 lúkur af frosnum bláberjum
- 1 lúka af jarðarberjum

Ofangreint blandist saman og hægt að stinga í frystinn í 30 mínútur. Að lokum er hægt að toppa með ýmsum ávöxtum, til dæmis þurrkuðum banönum, hindberjum, bláberjum, jarðarberjum, sólblómafræjum, chia-fræjum og granóla.

**Þakklátir áhorfendur**

Ballerínan segist hlakka mikið til að fara aftur til Bretlands og hefja ferilinn á nýjan leik. „Við förum út í ágúst og verðum í endurþjálfun í mánuð áður en allt fer í gang. Yfirleitt fara þrjár vikur í æfingar á nýju verki. Markmið flokksins er að halda miðaverði hóflegu og leyfa fólki úti á landsbyggðinni að eiga þess kost að sjá ballett. Við komum því í marga fallega smábæi og fólkið þar er svo þakklátt og ánægt. Litlu krakkarnir brosa til okkar úr salnum og það er svo fallegt," segir hún.

Hrefna Kristrún segist gjarnan vilja dansa á Íslandi en tækifærin séu ekki til staðar. „Það væri mjög skemmtilegt ef hægt væri að setja upp klassíska ballettsýningu hér á landi enda margir hæfaleikaríkir dansarar. Rætur mínar liggja á Íslandi og það væri frábært að geta búið hér en sem atvinnumaður þarf ég að starfa erlendis. Ég stefni á að vera áfram í Bretlandi en það gæti breyst ef ég fæ samning annars staðar. Við systurnar erum mjög samrýmdar í öllu sem við gerum og höfum nánast sömu áhugamál. Það eru margir kostir við að vera saman í þessu. Síðan hafa foreldrar okkar verið einstaklega hvetjandi og sýnt okkur mikinn stuðning."

Hrefna Kristrún er einn af fáum atvinnumönnum í ballettdansi. Hún starfar í Bretlandi en leikhúsið hefur verið lokað vegna COVID. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI






**Acai-skálin sem Hrefna matreiðir með kollageninu frá Feel Iceland.**

Feel Iceland fæst meðal annars í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum, svo sem Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Apótekaranum, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Nettó og í Fríhöfninni.

Sjá nánar á feeliceland.com

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Afmælis- og afsláttargleði alla helgina í Curvy

**Fataverslunin Curvy fagnar tíu ára afmæli um helgina með afmælistilboðum. Þá mun verslunin kynna glænýtt og spennandi vörumerki Kaffe Curve sem sérhæfir sig í fallegum flíkum í gæðaefnum.**

Fríða Guðmundsdóttir, eigandi tískuverslunarinnar Curvy, nefnir að það voru vissulega til verslanir með fatnað í stærri stærðum en úrvalið var að hennar mati hvergi nógu fjölbreytt. „Ég sá þetta vel þegar ég var 25 ára og nýbúin að eiga mitt fyrsta barn. Líkaminn hafði breyst mikið frá því áður en ég varð ólétt og átti ég í vandræðum með að sætta mig við minn nýja líkama. Ekki nóg með að passa ekki í fötin sem ég átti í skápnum heldur átti ég í erfitt með að finna föt í verslununum hér á landi sem pössuðu mér og mér fannst falleg í. Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og vann lengi í tískuvöruverslun og því var þetta hálfgert áfall.

Ég stofnaði þá tískublogg þar sem ég var á vissan hátt að skrifa mig út úr vanlíðan og að læra að sættast við nýja líkamann minn. Ég byrjaði að fylgjast með flottum stelpum í stærri stærðum og fann þar fyrirmyndir sem hafa gefið mér mikið. Ég uppgötvaði líka að það væru til fullt af verslunum úti í heimi sem selja smart fatnað í stærri stærðum. Þá fann ég fyrir því hvað það vantaði verslun hér heima sem konur eins og ég gætu verslað í.“




Flíkurnar frá Kaffe Curve eru afar vandaðar og fallegar og stórskemmtileg viðbót í vöruúrvalið hjá Curvy. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

### Viðbrögðin fram úr væntingum

Tveimur árum síðar stofnaði Fríða netverslunina curvy.is sem í dag er enn stór hluti af rekstri verslunarinnar. „Ég fékk frábærar viðtökur og mikið hrós fyrir bloggið og verslunina. Margar stelpur og konur þökkuðu mér þá sérstaklega fyrir að byrja að rúlla þessum bolta hérna á Íslandi. Í dag finnst mér svo sjálfsagt að tískuverslun sem sérhæfir sig í stærri stærðum sé starfrækt á Íslandi. Við erum orðin svo miklu duglegri í líkamsvirðingu í dag heldur en fyrir tíu árum og við vitum það í dag að allir líkamar eru fallegir. Þetta var ekki svona fyrir tíu árum og þegar ég hugsa til baka, þá var ég kannski frekar hugrökk að fara af stað með þetta.“

### Sprenging

Það var greinilega gat í markaðnum þegar kom að tískufatnaði í stærri stærðum og var verslunin fljót að sprengja utan af sér fyrsta húsnæðið. „Eftir að við opnuðum litla verslun í Nóatúni árið 2013 fluttum við strax aftur eftir ár í stærra húsnæði í Fákafeninu. Þar vorum við í nokkur ár, bættum við okkur fleiri merkjum og vöruflokkum eins og undirfötum, skóm og íþróttafötum.

Fyrir tveimur árum fluttum við enn og aftur í húsnæðið sem við erum í núna, að Grensásvegi. Hér er nóg pláss fyrir allar deildirnar sem eru í boði. Við finnum líka fyrir því að eftirspurnin er alltaf að aukast hjá okkur. Við erum dugleg að fylgjast með því sem er að gerast úti í heimi og bæta við fleiri spennandi merkjum og vöruflokkum. Það hefur líka fjölgað hratt í markhópnum enda erum við með fjölbreytt úrval fyrir allan aldur. Hingað geta systur, dætur, mæður og ömmur komið allar saman og fundið sér eitthvað fallegt.“

### Nýtt og spennandi tískuvörumerki á Íslandi

„Eftir útsölulokin í febrúar hafa sumarlínurnar streymt inn í búðina til okkar, en þegar dagar fara að lengjast og oftar sést til sólar þá langar fólk í eitthvað bjart og fallegt til að taka á móti sumrinu.



Sumarið er handan við hornið og er verslunin stútfull af fallegum sumarlegum flíkum. Hér má sjá gæjalegan bomberjakka og rómantískt blómapils frá Kaffe Curve.



Kaffe Curve býður upp á vönduð efni og falleg snið.




Fríða stofnaði verslunina Curvy því hún fann hvað það vantaði sárlega smart tískuverslun með fatnað í stærri stærðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

> **Við erum orðin svo miklu duglegri í líkamsvirðingu í dag heldur en fyrir tíu árum. Við vitum það í dag að allir líkamar eru fallegir.**
>
> Fríða

Zizzi-merkið hefur verið mjög áberandi hjá okkur enda býður merkið upp á fjölbreyttar og fallegar línur af fatnaði í stærri stærðum. Þá erum við með Curvelínuna frá Vero Moda. Sú lína er ekki mjög stór en það er virkilega gaman að geta boðið viðskiptavinum upp á hana. Svo erum við með Curve-línuna frá Forever 21 fyrir ungu konurnar.

Við vorum einnig að taka inn glænýtt og ótrúlega skemmtilegt merki sem við erum virkilega spenntar fyrir. Margir kannast við flíkurnar frá Kaffe sem er þekkt fyrir vandaðar og fallegar vörur, en þau hafa verið að þróa Curve línu í rúmt ár. Við tókum fund með þeim og fengum leyfi til þess að selja línuna frá þeim. Síðustu daga höfum við verið að taka upp fyrstu sendinguna frá þeim og prófa og máta og við erum allar gjörsamlega kolfallnar fyrir þessum flíkum. Þetta eru svo fallegar vörur og efnin eru svo vönduð. Við munum því frumsýna þessa línu á Íslandi á afmælinu.“

### Afsláttagleði í tilefni afmælisins

Í tilefni 10 ára afmælisins býður Curvy upp á 15% afslátt af öllum vörum í Kaffe Curve-línunni. Afsláttargleðin gildir fram á sunnudag. „Einnig verðum við með 30-50% afslátt af völdum vörum frá öðrum merkjum í búðinni. Að sjálfsögðu skiljum við netverslunina ekki út undan. Við munum draga úr öllum pöntunum úr netversluninni sem koma á dögunum 18.-21. mars og gefa 20 heppnum viðskiptavinum glæsilega gjafapoka. Í pokanum verður alls kyns dúllerí og meðal annars einn af bestseller-bolunum okkar sem er aðhaldsbolur sem teygist mjög vel. Svo verður skart, hárskraut og afsláttarmiðar. Í einum pokanum verður svo að auki 15.000 króna gjafabréf í verslunina.“

Curvy er staðsett að Fellsmúla 26 í Hreyfilshúsinu við Grensásveg. Netverlsun: curvy.is. Sími: 581-1552.

## Bílar & Farartæki



Renault Zoe Edition one. 40 kWh. Rafhlaða. 9/2017. Ekinn 49 þús.km. Óvenju flott leðursæti. Bose hljómgræjur. 17" álfelgur. 360°myndavélar. Verð: 2.690.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**PROSTONE**

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
**https://runarmurari.is**

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

**Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER**



5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR
NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

NÝTT Í SÖLU
**Holtsvegur 39**
210 Garðabær



**OPIÐ HÚS**
laugardaginn 20. mars
milli kl. 12:30 - 13:00



**Falleg og vel skipulögð 4ra herbergja 111 fm íbúð**
- Stofa, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi, og geymsla.
- Sérinngangur
- Sérafnotaréttur með palli og nýtanlegum sameiginlegum grasbala
- Stæði í bílageymslu



Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is

Verð: **66,9 millj.**

**MIKLABORG**
**569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is

www.verslun.is

**FRÁ 1. FEBRÚAR - NETVERÐ**
**20%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM**
**Í NETVERSLUN**
**WWW.VERSLUN.IS**

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS
Straumur ...hillukerfi
Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is
Taktik 5696#

**job**
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**



## TILBÚIÐ TIL AFHENDINGAR

# PÓSTHÚS-STRÆTI

## REYKJANESBÆ

**OPIÐ HÚS**

**LAUGARDAGINN 20. MARS**

**FRÁ KLUKKAN 12.00-13.00**



Glæsilegar 3ja herbergja útsýnisíbúðir í níu hæða fjölbýlishúsi við Pósthússtræti 5, Reykjanesbæ. Íbúðinar eru vel skipulagðar og afhendast fullbúnar án megin gólfefna.

**Verð frá:**

| ÍBÚÐ | GEYMSLA FM | BIRT STÆRÐ | HERB. | BÍLASTÆÐI | VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|
| 901 | 9,5 | 145,2 | 5 | | Seld |
| 902 | 8,3 | 158,1 | 4 | Já | Seld |
| 801 | 6,5 | 70 | 2 | | Seld |
| 802 | 8,2 | 112,6 | 3 | Já | Seld |
| 803 | 9,6 | 107,1 | 3 | Já | 59.900.000 |
| 804 | 9,5 | 110,5 | 3 | Já | 57.900.000 |
| 701 | 6,7 | 70,2 | 2 | | Seld |
| 702 | 7,7 | 112,1 | 3 | Já | 58.900.000 |
| 703 | 8,4 | 105,9 | 3 | Já | 58.500.000 |
| 704 | 9,6 | 110,6 | 3 | Já | 56.500.000 |
| 601 | 6,6 | 70,1 | 2 | | Seld |
| 602 | 7,7 | 112,1 | 3 | Já | Seld |
| 603 | 9,7 | 107,2 | 3 | Já | 57.500.000 |
| 604 | 8,5 | 109,5 | 3 | Já | 55.500.000 |
| 501 | 7,6 | 71,1 | 2 | | Seld |
| 502 | 7,4 | 111,8 | 3 | Já | Seld |
| 503 | 10,2 | 107,7 | 3 | Já | Seld |
| 504 | 7,9 | 108,9 | 3 | Já | Seld |
| 401 | 6 | 69,5 | 2 | | Seld |
| 402 | 7,2 | 111,6 | 3 | Já | 55.900.000 |
| 403 | 7,5 | 105 | 3 | Já | Seld |
| 404 | 9,5 | 110,5 | 3 | Já | 53.500.000 |
| 301 | 6,5 | 70 | 2 | | Seld |
| 302 | 9,1 | 113,5 | 3 | Já | 54.900.000 |
| 303 | 8,2 | 105,7 | 3 | Já | Seld |
| 304 | 6,2 | 107,2 | 3 | Já | Seld |
| 201 | 6,9 | 70,4 | 2 | | Seld |
| 202 | 7,8 | 112,2 | 3 | Já | 53.900.000 |
| 203 | 7,2 | 104,7 | 3 | Já | 53.500.000 |
| 204 | 7,2 | 108,2 | 3 | | 49.800.000 |
| 101 | 5,5 | 69 | 2 | | Seld |
| 102 | 8,2 | 112,6 | 3 | Já | Seld |
| 103 | 10,9 | 108,4 | 3 | Já | Seld |
| 104 | 8,2 | 109,2 | 3 | | 49.800.000 |







STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

studlaberg.is
420-4000

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 °C | 6 ↑ |
| Ísafjörður | 4 °C | 11 ↗ |
| Akureyri | 9 °C | 18 ↗ |
| Egilsstaðir | 10 °C | 7 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 9 °C | 8 ↗ |
| Hveravellir | 3 °C | 13 ↑ |

Suðlæg átt, 5-10 m/s sunnan jökla, annars víða 8-15 m/s. Rigning eða súld með köflum, en léttskýjað á NA- og A-landi. Hiti 5 til 15 stig, hlýjast A-til. Suðvestlæg átt á morgun, víða 8-13. Rigning með köflum S- og V-til og einnig á Austfjörðum annað kvöld, annars skýjað með köflum. Kólnar.

## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 °C | 6 → |
| Ísafjörður | 3 °C | 10 ↗ |
| Akureyri | 3 °C | 14 → |
| Egilsstaðir | 3 °C | 1 ↗ |
| Kirkjubæjarkl | 5 °C | 11 ↘ |
| Hveravellir | -1 °C | 1 ↗ |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 °C | 10 ↑ |
| Ísafjörður | 7 °C | 8 ↑ |
| Akureyri | 7 °C | 3 ↖ |
| Egilsstaðir | 8 °C | 5 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 5 °C | 1 ↙ |
| Hveravellir | 2 °C | 16 ↑ |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 krapi
5 skaði
6 hljóm
8 klaufaskapur
10 tveir eins
11 nudd
12 barningur
13 vætlar
15 mótlæti
17 mein

**LÓÐRÉTT**
1 súlur
2 rölt
3 líkja
4 kaupauki
7 sættir
9 fúslega
12 vafstur
14 eldsneyti
16 óró

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 slabb, 5 tap, 6 óm, 8 ólagni, 10 ll, 11 juð, 12 basl, 13 agar, 15 raunir, 17 skaði. **LÓÐRÉTT:** 1 stólpar, 2 lall, 3 apa, 4 bónus, 7 miðlari, 9 gjarna, 12 bauk, 14 gas, 16 ið.

## Skák Gunnar Björnsson

Lenka Ptácníkvová (2106) átti leik gegn Kristjáni Degi Jónssyni (1666) á Skákþingi Kópavogs fyrir skemmstu.

**25...Rf2+! 26. Kg1 Dxe2! 27. Hxe2 Hxe2 28. Kf1 Hde8 29. Bb2 Rg4 30. Dd1 Hf2+ 0-1.**

Magnús Pálmi Örnólfsson og Helgi Áss Grétarsson eru efstir á skákmóti öðlinga að loknum fimm umferðum. Magnús Carlsen, Anish Giri, Ian Nepomniachtchi og Wesley So mætast í undanúrslitum boðsmóts Magnúsar á Chess24.

**www.skak.is:** Öðlinga- og yrðlingamót.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 6 | 3 | 1 | 7 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 8 | 6 | 9 | 2 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 3 | 2 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 2 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 2 | 7 | 1 | 9 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 |
| 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 7 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.


# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

## Alltaf í annarlegu ástandi



Draumur **KK** um að gefa út vínylplötu er að rætast 30 árum eftir að hann sló í gegn með Lucky One á geisladiski og kassettu. Hann segist aldrei hafa planað feril sinn og því alger tilviljun að tvöföld safnplata komi út í kringum 65 ára afmælið hans. Hann segist alltaf vera í annarlegu ástandi og það ástand er gleðin.



## Krabbameinsaðgerð korteri eftir fæðingu

**Eva Berglind Tulinius**, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, var gengin 17 vikur með sitt annað barn þegar hún greindist með illkynja brjóstakrabbamein. Viku síðar var hún byrjuð í kröftugri lyfjameðferð í miðjum COVID-faraldri.

## Enn að meðtaka þetta



**Guðmundur Kjartansson**, fimmtándi og nýjasti stórmeistari Íslands í skák, náði áfanganum um síðustu helgi. Hann var hársbreidd frá því fyrir sex árum en þá vantaði 0,1 ELO-stig upp á titilinn og hann tapaði fyrir einum besta skákmanni heims.

**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GÓÐ BÓK, GÓÐ STUND




**Sykur**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Spegilmennið**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Andlit á glugga**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.399.-




**Leyndarmálið okkar**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Sjálfsskaði**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Næturskuggar**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-




**Mannslíkaminn**
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.599.-




**Litlir lærdómshestar - Stafir**
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð: 1.899.-




**Flóttamenn**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 4.199.-




**Klón**
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð: 4.499.-




**Hulduheimar - Vatnaliljutjörn / Draumadalurinn**
TILBOÐSVERÐ: 1.599.- (stk.)
Verð: 1.899.- (stk.)




**Það hófst með leyndarmáli**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð: 3.999.-


Framúrskarandi fyrirtæki 2016-2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 22. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# LÍFRÆNAR MJÓLKURVÖRUR ÚR KJÓSINNI




**139 kr./stk.**
**BIOBÚ Lífræn Jógúrt**
170 g - allar tegundir

**898 kr./stk.**
**BIOBÚ Lífræn Grísk Jógúrt**
1 kg - hrein




**698 kr./stk.**
**Kristjánsbakarí Gulrótarkaka**
450 g

## JARÐARBER



**798 kr./400 g**
**Jarðarber**
beint frá Spáni

## ÁN SYKURS




**100 KR 1 ltr.**

## PÁSKAEGG Í BÓNUS




**RISAEGG**
**1 kg**
**Stútfullt af nammi**

**2.598 kr./stk.**
**Bónus Páskaegg - Risaegg**
1 kg

## KLASSÍSKT




**598 kr./kippan**
**Coca-Cola Classic eða Coca-Cola Án Sykurs**
6 x 1 ltr. í kippunni



Verð gildir til og með 21. mars eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# KJÖRFUGL
# GERÐU ENN BETRI KAUP




**598 kr./kg**

Kjörfugl Kjúklingaleggir




**698 kr./kg**

Kjörfugl Heill Kjúklingur

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA




**1.698 kr./kg**

Kjörfugl Kjúklingabringur

FRÉTTABLAÐIÐ MENNING



**Rauða kross-teppi Erlu Þórarinsdóttur.** MYND/AÐSEND

## Rauða kross-teppi og aðrar óskir

Sýning á verkum Erlu Þórarinsdóttur verður opnuð klukkan 14.00 laugardaginn 20. mars í Galleríi 71 á Hverfisgötu. Sýningin stendur til 10. apríl. Opið er fimmtudaga, föstudaga og laugardaga frá klukkan 13-17. Sýningin samanstendur af verkum sem unnin eru fyrir og á tímum COVID. Útsaumað Rauða kross-teppi sem byrjað var á í hruninu 2008, var klárað í fyrstu bylgju pestarinnar og málverk undir vinnuheitinu „híeróglýfur“ eiga að spegla okkar innri orku og sameiginlegan menningarkjarna.

Erla hefur á fjórutíu ára ferli haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Norðurlöndunum, í Evrópu, New York, Kína og Indlandi. Hún hefur hlotið viðurkenningar og styrki fyrir störf sín meðal annars úr sjóði Pollock-Krasner Foundation árin 2000 og 2008. Verk hennar eru í eigu einkaaðila og helstu safna hérlendis.

## Ilmur af rósum

Nú á laugardag klukkan 15.15 verða haldnir tónleikar undir yfirskriftinni Ilmur af rósum við lækjarnið á vegum 15:15 tónleikasyrpunnar í Breiðholtskirkju. Á tónleikunum koma saman Aldavinir, þau Magnea Árnadóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari.

Leikin verða verk frá barokktímanum eftir þýsku meistarana Johann Sebastian Bach, Johann Rosenmüller og G. Ph. Telemann, bæði tríósónötur og einleiksþættir. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni þess að um þessar mundir eru 400 ár frá fæðingu J. Rosenmuller, 340 ár frá fæðingu Telemanns og um helgina verður haldinn hátíðlegur evrópski Early Music dagurinn á afmælisdegi J.S. Bach.

# Lágkúran á botninum

**LEIKLIST**

**The Last Kvöldmáltíð**

★★½☆☆

**Leikhópurinn Hamfarir í Tjarnarbíói**

**Leikstjóri:** Anna María Tómasdóttir
**Höfundur:** Kolfinna Nikulásdóttir
**Leikarar:** Albert Halldórsson, Ásthildur Úa Sigurðardóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Ólafur Ásgeirsson og Ragnar Ísleifur Bragason
**Sviðsmyndahönnun:** Brynja Björnsdóttir
**Búningahönnun:** Brynja Skjaldardóttir
**Ljósahönnun:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Tónskáld:** Salka



**Umgjörð verksins er helsti styrkur þess, segir Bryndís Loftsdóttir.** MYND/AÐSEND

Að leikhópur frumsýni nýtt íslenskt leikverk er engin nýlunda lengur, frekar nánast undantekningarlaus regla. Stofnanaleikhúsin sýna auðvitað einstaka sígild verk þekktra erlendra höfunda og stöku samtímaverk en hvers vegna fjölbreytt erlend samtímaleikrit ná ekki betri fótfestu á íslenskum leiksviðum er rannsóknarverkefni sem vel hefði mátt leggjast í á tímum heimsfaraldurs. Hversu vel þekkjum við til verka helstu samtímaleikskálda Norðurlanda? Evrópu? Ameríku? Afríku? Þessar hugrenningar urðu áleitnar á frumsýningu The Last Kvöldmáltíð því óneitanlega er freistandi að skoða verkið út frá áhrifum einangrunar, útilokunar og úrkynjaðrar sjálfsupphafningar.

### Sambandsleysi við verkið

Fimm einstaklingar hafast við á þurrum botni sundhallar í Reykjavík, líklega um miðbik þessarar aldar. Einhvers konar óljós heimsendir er skollinn á, allir aðrir dánir og mannskepnan búin að skemma jörðina án þess að skilgreint sé með hvaða hætti. Þessir einstaklingar eru þokkalega birgir af niðursuðuvörum og eru að undirbúa veislu í tilefni 17. júní. Siðferðið virðist fokið út í veður og vind þó óljóst sé hvort persónurnar, sem sænga hver hjá annarri, séu blóðskyldar eða ekki. Þannig er nær ómögulegt að ráða í texta verksins, hvort höfundur ljúgi að persónum sínum eða áhorfendum. Það er jafnvel ekki útilokað að þetta sé allt saman „atriði“ eða leikrit inni í leikritinu.

> RÉTT EINS OG TAUMLAUS OG YFIRDRIFIN KLÚRYRÐIN, VERÐA SKIPTIN MILLI ENSKU OG ÍSLENSKU FLJÓTT ÞREYTANDI.

Þetta veldur sambandsleysi áhorfenda við verkið, manni stendur hjartanlega á sama um persónur sem maður veit ekki hvort séu í raun og veru að segja satt. Í kynningu verksins er spurt hvort þessir fimm einstaklingar geti bjargað mannkyninu og heiminum með því að lifa lífinu á annan og nýjan hátt. Maður stendur sig hálfpartinn að því að vona að þeir drepist frekar.

### Skipti milli ensku og íslensku

Áhorfendur eru varaðir við því að sena í leikverkinu feli í sér kynferðisofbeldi. Hvergi er hins vegar minnst á að stór hluti verksins fari fram á ensku. Í þessari framtíðarsýn hefur íslenskri tungu verið hrært saman við ensku í slíkum mæli að jafnvel þýðingartextaþörfum viðmælenda Gísla Marteins hlýtur að bregða í brún. Þetta er spennandi tilraun hjá Kolfinnu Nikulásdóttur sem gjarnan mætti þróa áfram sem sjálfstæðan örþátt í forvarnarskyni fyrir framtíð íslenskrar tungu. Í tveggja tíma sýningu gengur þetta þó ekki upp. Rétt eins og taumlaus og yfirdrifin klúryrðin, verða skiptin milli ensku og íslensku fljótt þreytandi. Til þess að koma þessu ofan í áhorfendur er málfar verksins frekar einfalt á báðum tungumálum. Það olli því að karakterarnir virkuðu yfirborðskenndir og náðu hvorki að miðla dýpt né undirtexta, samkennd og tenging áhorfenda við þessa síðustu kvöldmáltíðargesti heimsins var illmöguleg.

Og fyrst haft er fyrir því að vara miðakaupendur við kynferðisofbeldi í verkinu, hví eru þeir ekki líka upplýstir um það að verulegur hluti leikritsins fari fram á ensku? Það skilja ekki allir ensku, líkt og Eiríkur Rögnvaldsson hefur bent á, í skrifum sínum um málfarslega stéttaskiptingu og þá hættu að viðkvæmir hópar fyllist minnimáttarkennd eða skömm yfir því að skilja ekki hvað verið er að segja.

Umgjörð verksins er helsti styrkur þess ásamt auðvitað tilraunamennsku höfundar sem lofa skal, þrátt fyrir að hún hafi ekki heppnast fyllilega. Sviðsmyndin er falleg og lýsingin vel unnin. Það var gaman að sjá Helgu Brögu Jónsdóttur aftur á sviði og samleikur þeirra Ásthildar Úu Sigurðardóttur var oft ágætur. Innbyrðis tengsl og stöður persóna verksins voru hins vegar of óljósar af hálfu höfundar og leikstjóra til þess að leikararnir gætu blómstrað í hlutverkum sínum og verkið allt of langt miðað við efnivið. **Bryndís Loftsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Styrkur verksins er umgjörðin ásamt tilraunamennsku höfundar en karakterarnir eru yfirborðslegir.




## Í minningu Guðmundar

Sunnudaginn 21. mars verða tvö píanótríó flutt á lokatónleikum vetrardagskrár Kammermúsíkklúbbsins, píanótríó í d-moll eftir Mendelssohn og píanótríó nr. 2 í C-dúr eftir Brahms. Flytjendur eru Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og norski píanóleikarinn Mathias Halvorsen. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósum í Hörpu og hefjast klukkan 16.00.

Tónleikarnir eru helgaðir minningu Guðmundar W. Vilhjálmssonar (1928-2020), sem stofnaði Kammermúsíkklúbbinn árið 1957 ásamt Magnúsi Magnússyni eðlisfræðingi og fleirum, með fulltingi Björns Ólafssonar fiðluleikara og Árna Kristjánssonar píanóleikara. Kammermúsíkklúbburinn stendur í mikilli þakkarskuld við Guðmund fyrir að leiða klúbbstarfið í meira en hálfa öld með óbilandi áhuga og eldmóði.



**Bryndís Halla Gylfadóttir, Mathias og Auður.** MYND/AÐSEND


HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN
DROTTNINGAR Í REKKJUNNI
20% AFSLÁTTUR
BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI
LAYLA 160 CM HEILSURÚM
20% AFSLÁTTUR
VERÐ 179.880 KR
VERÐ ÁÐUR 223.600 KR
Innifalið í verði.
Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.
ALEXA 160 CM HEILSURÚM
20% AFSLÁTTUR
VERÐ 217.920 KR
VERÐ ÁÐUR 272.400 KR
Innifalið í verði.
Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.
COMO STILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR
VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR
KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.REKKJAN.IS
Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is
rekkjan
HEILSURÚM









# DAGSKRÁ

## Föstudagur

### HRINGBRAUT

**18.30 Fréttavaktin á föstudegi** Á Fréttavaktinni á föstudegi er fjallað um helstu fréttir liðinnar viku og er þátturinn í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
**19.30 Sir Arnar Gauti (e)** Arnar Gauti sér um umfangsmikinn lífstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.
**20.00 Lífið er lag (e)** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson. (e)
**20.30 Fréttavaktin á föstudegi**
**21.00 433.is (e)** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis. (e)

### RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Kastljós**
**09.25 Menningin**
**09.35 Íslendingar**
**10.35 Maðurinn og umhverfið**
**11.05 Orkupostullinn Jón**
**12.00 Heimaleikfimi**
**12.10 Persónur og leikendur**
**12.50 Stóra sviðið**
**13.25 Eyðibýli**
**14.05 Í garðinum með Gurrý III**
**14.35 Íþróttafólkið okkar**
**15.05 InnSæi**
**16.20 Saman að eilífu**
**16.50 Ljósmóðirin**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.35 Húllumhæ**
**18.50 Landakort**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.45 Gettu betur** (Úrslitaþáttur) Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna.
**21.10 Vikan með Gísla Marteini**
**22.00 Séra Brown**
**22.45 Leyndarlíf Marilyn Monroe – Seinni hluti** Leikin mynd í tveimur hlutum um líf Marilyn Monroe. Myndin er um fjölskyldu- og einkalífið sem henni tókst að hluta til að halda frá ágengum fjölmiðlum. Þættirnir byggjast á samnefndri metsölubók eftir Randy Taraborrelli. Aðalhlutverk: Kelli Garner, Susan Sarandon, Emily Watson, Jeffrey Dean Morgan og Eva Amurri Martino. Leikstjóri: Laurie Collyer. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.10 Frú Wilson**
**01.05 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 GOLF

**10.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
**10.20 European Tour 2021 (Omega Dubai Desert Classic)**
**14.55 LPGA Tour 2021**
**18.00 PGA Tour 2021**
**22.00 PGA Tour 2021**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.45 The Late Late Show**
**14.30 The Biggest Loser**
**15.15 90210**
**16.40 Family Guy**
**17.00 The King of Queens**
**17.20 Everybody Loves Raymond**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Late Late Show**
**19.15 Spy Kids** Ævintýramynd frá 2001. Carmen og Juni finnst foreldrarnir frekar óspennandi en þau vita ekki að fyrir nokkrum árum voru foreldrarnir, Gregorio og Ingrid, bestu spæjarar sem heimurinn hafði nokkru sinni eignast. Þau hættu þessum hættulegu störfum til að sinna fjölskyldunni. Núna þurfa þau að snúa aftur eftir að gömlu félagarnir hverfa einn af öðrum og börnin þeirra blandast í málin.
**20.40 The Bachelor**
**22.10 The Bachelor**
**22.55 Self/less**
**00.50 Hot Tub Time Machine 2**
**02.20 The Nice Guys**
**04.15 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Málið er**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Vinill vikunnar**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan: Grettis saga**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.09 Lestur Passíusálma**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Batman: Hush**
**12.45 The Miracle Season**
**14.25 How To Be Single**
**16.10 Batman: Hush**
**17.30 The Miracle Season**
**19.10 How To Be Single**
**21.00 All Things Valentine**
**22.25 Speed**
**00.15 Us**
**02.10 All Things Valentine**

### STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 Veronica Mars**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The O.C.**
**10.05 Shark Tank**
**10.50 Hindurvitni**
**11.20 Shipwrecked**
**12.05 The Office**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Between Us**
**13.35 Ghetto betur**
**14.20 Lóa Pind: Bara geðveik**
**15.05 Í eldhúsi Evu**
**15.40 Brother vs. Brother**
**16.20 McMillions**
**17.10 The Goldbergs**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Í kvöld er gigg**
**19.45 The Masked Singer**
**20.55 Angel of Mine**
**22.30 Captain Phillips**
**00.40 Alien**
**02.35 Veronica Mars**
**03.15 The O.C.**
**03.55 Shipwrecked**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**18.25 Týndi hlekkurinn**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.50 The Office**
**21.10 Roswell, New Mexico**
**21.55 Arrow**
**22.35 Shrill**
**23.10 Simpson-fjölskyldan 32**
**23.30 Bob's Burgers 11**
**23.55 Friends**
**00.15 Friends**
**00.40 The Office**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.35 Seinni bylgjan - karla**
**10.00 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna**
**10.45 Dominos Tilþrifin 15. umferð**
**11.30 Stjarnan - KR 15. ágúst 2016**
**11.55 Valur - ÍBV**
**13.10 Valur - Tindastóll**
**14.50 Selfoss - Afturelding**
**16.05 Þór Þ. - Stjarnan**
**17.45 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna**
**18.35 Seinni bylgjan - karla**
**20.05 Keflavík - Njarðvík**
**22.00 Dominos Körfuboltakvöld**
**23.30 Dominos Tilþrifin 15. umferð**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35 Real Madrid - Atalanta**
**09.15 Arsenal - Olympiacos**
**11.00 Dregið í Meistaradeild Evrópu**
**11.20 The Fifth Quarter**
**11.35 Football League Show 2020/2021**
**12.00 Dregið í Evrópudeild UEFA**
**12.20 Ítölsku mörkin 2020/2021**
**13.05 Rangers - Slavia Prag**
**14.45 Dinamo - Tottenham**
**16.25 AC Milan - Manchester United**
**18.05 Inside Serie A**
**18.30 Evrópudeildarmörkin 2020/2021**
**19.35 Parma - Genoa**
**22.00 La Liga Show 2020/2021**
**22.25 FA Cup Preview 2020/2021**
**22.55 The Fifth Quarter**
**23.10 Real Betis - Levante**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ILVA

*Sparaðu*
# 20-25%
## AF ÖLLUM LJÓSUM
LÝKUR Á MÁNUDAG

*Sparaðu*
# 20%
## AF PERUM OG KERTUM



NÚ 9.746
SPARAÐU 3.249

**COHEN LOFTLJÓS** Hvítt eða svart matt loftljós. Ø 25 cm.
14.995 kr. **NÚ 19.996 kr.**



**TOWNSHEND LOFTLJÓS.** Eik. L 110 cm.
24.995 kr. **NÚ 19.996 kr.**





NÚ 18.746
SPARAÐU 6.249

**SIXTY GÓLFLAMPI** Svartur. H 170 cm.
24.995 kr. **NÚ 18.746 kr.**



NÚ 10.496
SPARAÐU 3.499

**CHILI VEGGLAMPI** Svartur. H 41 cm.
13.995 kr. **NÚ 10.496 kr.**



**ABILD BORÐLAMPI.** Ø25 x H 52 cm.
14.995 kr. **NÚ 11.996 kr.**



**CIRCLE BORÐLAMPI** Gylltur. H 40 cm.
10.995 kr. **NÚ 8.796 kr.**

**PABLO GÓLFLAMPI** með 3 ljósum.
H 154 cm. 24.995 kr. **NÚ 19.996 kr.**

# NÝTT VIVA

Virkilega góð meðalstíf dýna með áfastri yfirdýnu og öflugri kantstyrkingu.

Dýnan er með 5 þægindasvæði til að styðja sem best við líkamann. Á hverjum fermeter eru 256 pokagormar til að minnka hreyfingu og veita frábæran stuðning.

Fyrir hámarksþægindi er yfirdýnan samansett úr nokkrum lögum af hefðbundnum svampi, eggjabakkalöguðum svampi og latex.

Botn með tauáklæði og fætur fylgja með. Höfuðgafl seldur sér.

30%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
LÝKUR Á MÁNUDAG




**RÚM**
120x200 cm.149.900 kr. **NÚ 104.900 kr.**
160x200 cm. 179.900 kr. **NÚ 125.900 kr.**
180x200 cm.199.900 kr. **NÚ 139.900 kr.**
**HÖFUÐGAFL**
132 cm. 44.900 kr. **NÚ 31.400 kr.**
172 cm. 49.900 kr. **NÚ 34.900 kr.**
192 cm. 54.900 kr. **NÚ 38.400 kr.**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 - www.ILVA.is
laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



Leikkonan heldur mikið upp á tískumerkið franska Saint Laurent. Hér er hún í kjól frá merkinu í eftirpartii Vanity Fair eftir Óskarsverðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hér er hún í kjól frá Saint Laurent á Met-gala-kvöldinu.



Enn og aftur í Saint Laurent á frumsýningu Racer and the Jailbird.



Hérna gera smá-atriðin allt eins og ermarnar í þessu tilfelli.

# Frumleg og flott tískufyrirmynd

Leikkonan Zoë Kravitz er óhrædd við að fara sínar eigin leiðir í klæðavali. Hún er alltaf jafn flott á rauða dreglinum og leikur sér með óhefðbundin snið og öðruvísi fylgihluti.

Leikkonan Zoë Kravitz er alltaf jafn óaðfinnanleg og flott í klæðavali. Hún er sérstaklega frumleg þegar kemur að vali á klæðnaði fyrir rauða dregilinn.

Zoë er dóttir leikkonunnar Lisu Bonet og tónlistarmannsins Lenny Kravitz, sem hafa bæði verið þekkt fyrir að vera óhrædd í klæðavali og með afslappaðan og jafnvel smá hippalegan smekk.

Zoë hefur slegið í gegn í þáttum á borð við Big Little Lies og High Fidelity, en þeir síðarnefndu eru byggðir á kvikmynd sem móðir hennar lék í á sínum tíma. Á næsta ári munum við svo sjá leikkonuna í hlutverki Cat-Woman í næstu Batman-mynd.

steingerdur@frettabladid.is



Flott í ferskjulit-uðum Oscar de la Renta kjól á SAG-verðlaun-unum.






Hversdaglega er leikkonan með mjög afslappaðan og smá hippa-legan stíl líkt og móðir hennar.



Fallegur bleikur kjóll úr smiðju Rei Kawakubo hjá Comme des Garcons.

Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir

# GOSI

## Ævintýri spýtustráks



Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



# Barnasýning ársins 2020

„Gosi er allt í senn falleg, fyndin og töfrandi sýning sem enginn leikhúsunnandi ætti að láta framhjá sér fara“
SBH. Morgunblaðið ★★★★½

Næstu sýningar

| | |
|---|---|
| 21. mars | 13:00 |
| 21. mars | 15:15 |
| 27. mars | 13:00 |
| 11. apríl* | 13:00 |
| 18. apríl | 13:00 |
| 18. apríl | 15:15 |
| 09. maí | 13:00 |

*Sérstök sýning fyrir börn með einhverfu.

## Frábært úrval sýninga í mars









DV

EKKI MISSA AF NÝJASTA DV!




Aðeins 995 kr.!

Halla Vilhjálmsdóttir, leikkona, er rísandi stjarna í fjárfestinga-heiminum og segir enga þörf á velja sér einn frama á lífsleiðinni.

Þú færð DV á eftirtöldum sölustöðum:

Nettó – N1 – Hagkaup – Olís – Bónus – Samkaup – Penninn – 10-11 – Fjarðarkaup – Kvikk – Extra – Kjöthöllin – Melabúðin – Mosfellsbakarí

Tryggðu þér áskrift að DV

512 7000

www.dv.is/askrift

askrift@dv.is



„Fæðing snýst líka svo mikið um að sleppa tökunum og leyfa bara ferlinu að flæða þannig að ég þurfti líka svolítið að sleppa tökunum," segir Dögg sem ákvað að leyfa fæðingunum að tala í myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fæðing sýnir krafta ástarinnar og óttans

**Dögg Mósesdóttir** var í fæðingarorlofi þegar hún ákvað að gera heimildarmynd um heimafæðingar. Persónulegt verkefnið dró hana í óvæntar áttir og það tók átta ár að ljúka við Aftur heim?

Heimildarmyndin Aftur heim? eftir Dögg Mósesdóttur er komin í Bíó Paradís en að baki er löng meðganga og erfið fæðing þar sem kvikmyndagerðin tók átta ár og lokaniðurstaðan varð töluvert öðruvísi en leikstjórinn ætlaði í upphafi.

„Ég tel þetta eiginlega bara í árum dóttur minnar. Hún verður reyndar níu ára núna en þetta byrjaði allt svolítið á henni þegar ég sjálf reyndi heimafæðingu," segir Dögg og gætir þess að upplýsa ekki of mikið um hvernig reynsla hennar birtist í myndinni.

„Það kemur í ljós í myndinni. Það má ekki segja frá hvað gerist en þetta fór ekki alveg eins og ég hafði planað og það er svolítið lýsandi fyrir þessa mynd. Hún hefur ekki alveg farið eins og ég hafði planað."

**Aldrei segja aldrei**

„Ég var í fæðingarorlofinu þegar Soffía Bæringsdóttir, sem er doula, stuðningskona í fæðingum, minntist á að það vanti sárlega mynd um heimafæðingar á Íslandi."

Dögg segist þá einhvern veginn hafa verið ákveðin í því að einbeita sér að leiknum myndum og ætlaði aldrei að gera heimildarmynd aftur. „En einhverra hluta vegna fannst mér þetta frábær hugmynd. Soffía hélt að hún væri bara að nefna einfalt verkefni sem myndi taka fjóra mánuði eða eitthvað álíka en þetta tók þetta öll þessi ár.

„Maður stýrir voðalega litlu í þessu lífi þannig að ég held að maður eigi bara aldrei að segja aldrei. Myndirnar bara koma svolítið til manns og kjósa sér einhvern veginn sitt form. Það er ekki kannski hægt að plana hlutina of mikið. Það er kannski það sem maður lærir af þessu ferli."

**Ástfangin af ljósmæðrum**

„Í upphafi ætlaði ég að gera mynd sem dásamaði þetta heimafæðingaferli og þjónustu ljósmæðranna sem eru alveg magnaðar," segir Dögg sem tók fjölda viðtala við ljósmæður á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

> VIÐ ERUM LÍKA ALLTAF AÐ HORFA Á KARLMENN FARA Í GEGNUM ALLS KONAR ÞREKRAUNIR Í BÍÓ ÞANNIG AÐ KANNSKI ER TÍMI TIL AÐ ÞEIR KOMI Í BÍÓ OG HORFI Á OKKUR VINNA HETJUDÁÐ Á HVÍTA TJALDINU.

„Ég varð bara rosalega ástfangin af ljósmæðrum í þessu ferli en að lokum vildi myndin svolítið fara annað og fæðingarnar fóru að taka meira og meira pláss," segir Dögg um fæðingarnar þrjár sem skipa stóran sess í myndinni.

„Síðasta fæðingin sem ég tók upp þurfti rosalega mikið pláss. Þetta var alger rússíbani þannig að á endanum ákvað ég bara að gera minna úr viðtölum og öðru og gefa fæðingunum pláss. Fara meira í persónulega frásögn vegna þess að fæðingar, sérstaklega heimafæðingar, eru mjög persónulegt ferli."

**Kraftur kvenna**

Fæðingarnar vekja upp ýmsar spurningar og vangaveltur, meðal annars um kvenleikann, vald kvenna yfir eigin líkama og hvar konur og fjölskyldur upplifa sitt „heima" í fæðingum.

„Ég er að sýna svolítið þennan kvenkraft sem enginn sér og kristallast í fæðingunni. Myndin fjallar líka bara mikið um þessa kvenorku og að sættast við kvenleikann, sem tók mig svolítið langan tíma persónulega."

Dögg segir að konunum sem fæða í myndinni hafi verið svo mikilvægt að sýna hversu valdeflandi fæðingar geta verið. „Þær þurfa ekki að stýrast af ótta eins og þær hafa oft verið sýndar í bíómyndum. Það er alltaf þetta ótta-sjónarhorn. Það var kannski ein stærsta uppgötvunin fyrir mig í þessu öllu að það eru í rauninni tvær grunntilfinningar sem stýra fæðingum.

Það er óttinn, adrenalínið sem stoppar framgang fæðingarinnar og svo ástarhormónið oxitósín sem hleypir hríðunum af stað og færir barnið nær móðurinni.

Dögg bendir síðan á að þetta tvennt, óttinn og ástin, stjórni svo mörgu í samfélaginu og stuðli að eða stöðvi framgang. „Þetta er einhvern veginn svo góð áminning um þessar grunntilfinningar sem stýra okkur þannig að það má læra ansi margt af fæðingarferlinu."

**Ótti karla**

Þegar rætt er um fæðingar og ótta verður vart hjá því komist að spyrja hvort hætta sé á að karlmenn fari á taugum yfir myndinni.

„Mér finnst karlmenn rosalega hræddir við þessa mynd. Pabbi minn ætlar sko ekki að fara á hana og bróðir hans ekki heldur," segir Dögg og bætir við að það sé svolítið áhugavert en hafandi verið viðstödd og horft á fæðingar skilji hún að einhverju leyti þennan karlmannlega ótta.

„Það er rosalega erfitt að horfa upp á einhvern erfiða svona mikið. Við viljum ekki segja að þetta sé þjáning því þetta er meira eins og maraþonhlaup. Það er ekki verið að meiða konuna þannig enda er hún í bara smá þrekraun.

Það er mjög erfitt fyrir karlmenn að horfa upp á það og gera ekki neitt í því þannig að ég vil bara hvetja karlmenn til að fara og bara dást að þessum konum.

Ég held það geti bara verið mjög hollt að láta reyna á það að sleppa takinu. Við erum líka alltaf að horfa á karlmenn fara í gegnum alls konar þrekraunir í bíó þannig að kannski er tími til að þeir komi í bíó og horfi á okkur vinna hetjudáð á hvíta tjaldinu." **toti@frettabladid.is**

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


ÞÚ KEMST LENGRA
Á RAFHJÓLI
ECOBIKE City Bike eru evrópsk gæðahjól
með allt að 120 km drægni
ecobike
Aðeins 213.900,- örfá hjól til
afhendingar núna strax!
GARGANDI
SNILLD
Sími 778 7000 - www.gargandi.is - Flatahrauni 31

# FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is


BAKÞANKAR


Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur




## Að miðaldra upp á bak

Um daginn heyrði ég nokkuð unga konu nota orðasambandið „ég er að miðaldra yfir mig“ í samhengi við að spila golf. Í framhaldinu kom ég auga á ýmsar drama-tískar setningar tengdar miðjum aldri. Karl sem var ekki nógu töff á Twitter var sagður hafa miðaldrað upp á bak. Konu með áberandi flottan starfsferil var lýst sem miðaldra slæðukerlingu, og framkvæmdastjórn fyrirtækis sögð vera eitthvað svo miðaldra.

Hvenær verður fólk miðaldra og hvenær verður fólk ekki miðaldra? Doktor Google telur að fólk sé orðið miðaldra eftir 35 ára aldur og að ástandið vari til sextugs. Ef viðkomandi eru svo lánsöm að lifa þetta lengi. Þetta er mögulega skellur fyrir unga fólkið sem taldi sig nokkuð langt frá þessum hörmulegu örlögum. Kannski enn frekar í þeim tilvikum þegar viðkomandi skilgreina virði sitt út frá því að vera ekki miðaldra. Það getur leitt til alvarlegrar sjálfsmyndar-krísu meints ungs fólks, sem ég er viss um að samfélagið þarf að bregðast við með stuðnings-hópum og kertafleytingu, jafnvel mínútu þögn.

Þeim til huggunar bendir önnur rannsókn til þess að fólk verði miðaldra um 45 ára aldur. Þið hafið tíu ár, krakkar mínir. Kenn-ingin um að aldur sé hugarástand fær þarna byr undir báða vængi. Fyrir þau ykkar sem vissuð það ekki þá eru hæð og þyngd líka hugarástand.

Sem betur fer þarf ég ekki að hafa áhyggjur af þessari fram-tíðarsýn. Enda fæddist ég að sögn dóttur minnar áttræð, borðandi kjötsúpu og hlustandi á Rás 1 í sveitinni, löngu búin að vinna þessa keppni.








# SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

## FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

Stillanlegt **SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL** er vandað heilsurúm í fimm stjörnu hótel-rúmalínunni frá Serta. Rúmunum fylgir metsölubókin „Þess vegna sofum við“ í íslenskri þýðingu.

**VIVANT SPLENDID ROYAL heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og laga það fullkomlega að þér.**

Þráðlaus fjarstýring kemur þér í þá stöðu sem best hentar þér.

Virkilega góður stuðningur er við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði gerir svefnstellingu þína eins náttúrulega og mögulegt er. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnunni, millistífa og stífa (medium og firm), allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf og vinnur vel á móti fjöðruninni í botninum og dýnunni. Yfirdýnan er gerð úr kaldpressuðum svampi.

Höfðagaflinn er fágaður og stílhreinn, 120 cm hár. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið en hvort tveggja er selt sér.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

### SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

(dýna, botn, fjarstýring, gafl og lappir)

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 160 x 200 cm | 499.900 kr. |
| 180 x 200 cm | 599.900 kr. |
| 180 x 210 cm | 609.900 kr. |
| 200 x 200 cm | 659.900 kr. |




CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIFIQUE



ÖNNUR RÚM Í HÓTELRÚMALÍNUNNI FRÁ SERTA

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566 | AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK

Verð- og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.